



**Háskólinn
á Akureyri**

Afskólun í nútímasamfélagi

„Að elta á sér nefið“

Guðný Valborg Guðmundsdóttir

**Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020**

Afskólun í nútímasamfélagi

„Að elta á sér nefið“

Guðný Valborg Guðmundsdóttir

30 eininga lokaverkefni sem er hluti af
Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Leiðsögukenndari:
Guðmundur Heiðar Frímansson

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, júní 2020

Titill: Afskólun í nútímasamfélagi

Stuttur titill: „Að elta á sér nefið“

30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-
prófi í menntunarfræði

Höfundarréttur © 2020 Guðný Valborg Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Guðný Valborg Guðmundsdóttir, 2020, meistaraþrófsverkefni,
kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 76 bls.

Prentun:

Akureyri, júní, 2020

Ágrip

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að skoða afskólun (e. unschooling) frá sjónarhorni foreldra sem hyggjast afskóla börnin sín. Í rannsókninni er varpað ljósi á hugmyndafræði afskólunar og grennslast fyrir um hver viðhorf foreldra eru til menntunar og af hverju þeir velja þessa leið þegar kemur að menntun barna þeirra. Einnig var reynt að fá svör við því hvort samband sé á milli viðhorfa þeirra til menntunar, þeirra eigin reynslu af skólakerfinu og vilja þeirra til að afskóla börnin sín. Með þessi atriði í huga var því velt fyrir sér hvort afskólun sé raunhæf nálgun á námi í nútímasamfélagi.

Notast var við eiginlega rannsóknaraðferð við söfnun og úrvinnslu gagna. Sjö hálfopin viðtöl voru tekin við tíu einstaklinga.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að foreldrar skilgreina afskólun sem sjálfsmiðað nám sem byggt er á innri áhugahvöt. Með afskólun er lögð áhersla á ábyrgð, sjálfræði og frelsi. Ekki er hægt að álykta að reynsla foreldra af skólakerfinu hafi haft bein áhrif á áhuga þeirra á að afskóla en greinilegt var að neikvæð sýn þeirra á skólakerfinu hafði þar áhrif. Almennt höfðu þátttakendur neikvætt viðhorf til skóla og töldu kennsluáðferðir vera úreltar og óviðunandi. Einnig töldu foreldrar að nemendum í skólum væri ekki gefinn kostur á að stunda einstaklingsmiðað nám og að þeir fengju ekki að taka ábyrgð á eigin námi.

Áskoranir eru í vegi afskólara þar sem ekki einungis lög og reglugerðir hamla afskólun á ýmsa vegu heldur einnig Aðalnámskrá grunnskóla. Heimakennsla er aðeins möguleg þeim sem hafa kennsluréttindi og Aðalnámskrá grunnskóla veitir ekki það svigrúm sem afskólun gerir kröfu um. Einnig getur það verið stór áskorun fyrir foreldra að nær engin börn eru í heimakennslu á Íslandi sem getur haft í för með sér vissan einmanaleika fyrir afskóluð börn.

Út frá þessum niðurstöðum má álykta að afskólun getur vel reynst vera ný nálgun á námi sem vert er að skoða nánar. Ef markmiðið er að kenna börnum sjálfræði og ábyrgð gagnvart námi sínu gæti afskólun verið góður kostur.

Lykilhugtök: afskólun, sjálfstýrt nám, heimakennsla.

Abstract

The aim of this research was to examine unschooling from parents' perspective. The participants in this research considered themselves to be unschoolers. The research investigated the ideology of unschooling. Parents were asked what their definition of the term *education* is and why they have chosen to unschool their kids. They were also asked about their own experience of the school system and if there was a connection between their own experience and wanting to unschool. With these aspects in mind, the idea of unschooling as an approach to learning in modern society was contemplated.

Qualitative research methods were utilized for the gathering of data and processing with semi-structured interviews. Ten parents that consider themselves to be unschoolers took part in the research.

The conclusions of this research indicated that parents define unschooling to be a self-led learning approach based on intrinsic motivation. Unschooling emphasizes responsibility, independence and freedom to do what one wants to do. The parents had a negative perspective towards the school system, which stemmed either from their own experience or having witnessed other people having a negative experience in schools. The parents felt that the teaching methods used in schools were insufficient and outdated, students were not able to get a personalized learning experience and the students did not get the opportunity to take responsibility for their own learning. Parents face several challenges as the law and regulations in Iceland, as well as the Icelandic general school curriculum, hinder them from being able to unschool. On top of that, there are almost no children being unschooled in Iceland which could lead to other unschooled children feeling isolated.

From these findings it can be concluded that unschooling might be a new way of looking at learning. If the goal is to teach children to be independent learners and take responsibility for their own education, unschooling might be a viable option worth looking further into.

Key words: unschooling, self-directed learning, homeschooling

Formáli

Ritgerð þessi er 30 eininga (ECTS) meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-prófi í menntunarfræðum við kennaradeild á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri. Leiðbeinandi minn var Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Honum færi ég miklar þakkir fyrir fagmannlega leiðsögn og jákvæða gagnrýni. Auk þess vil ég þakka Önnu Margréti Birgisdóttur fyrir prófarkalestur og stuðning. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir stuðning, þá sérstaklega manningum mínum, Mac fyrir ómælda aðstoð og hjálpssemi meðan á þessu stóð. Stráknum mínum, Matthíasi, vil ég þakka ómælda þolinmæði og fyrir að vera hvatningin að þessu rannsóknarefni.

Áhugi minn á þessu verkefni kviknaði eftir að ég kynntist hópi af foreldrum erlendis sem afskólar börnin sín. Ekkert er til um þetta efni á Íslandi og því taldi ég mikilvægt að bæta úr því. Ég vil þakka öllum viðmælendum kærlega fyrir að taka þátt í þessari rannsókn. Án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika. Það er mín von að með verkefninu opnist fyrir umræðu um afskólun á Íslandi.

Efnisyfirlit

Töflur	xix
1. Inngangur.....	1
1.1 Markmið og rannsóknarspurning	2
1.2 Uppbygging ritgerðarinnar	3
2. Fræðileg umfjöllun.....	5
2.1 Heimakennsla - menntun utan skóla	5
2.2 Afskólun	7
Afskólun sem lífssýn.....	10
2.3 Áhugahvöt	11
Sjálfsákvörðunarkenningin.....	13
Afskólun og innri áhugahvöt	14
2.4 Afskólun sem andspyrna við hið hefðbundna kerfi	15
Saga menntunar	15
Tilgangur menntunar.....	16
2.5 Eftirlit.....	19
2.6 Lög og reglugerðir á Íslandi um heimakennslu	21
2.7 Aðalnámskrá grunnskóla og námsmat	23
Námsárangur og framhaldsmenntun	24
3. Aðferðafræði	27
3.1 Rannsóknaraðferð	27
3.2 Þátttakendur.....	28
3.3 Framkvæmd og gagnaöflun.....	29
3.4 Réttmæti og áreiðanleiki	31
3.5 Siðferðileg álitamál	32
3.6 Greining gagna.....	33
4. Niðurstöður	35
4.1 Hvað er afskólun?	35
Áhugahvöt	35

	Að læra af lífinu.....	37
4.2	Hlutverk foreldra.....	38
4.3	Menntun og skólakerfið.....	40
	Viðhorf foreldra til menntunar og skólakerfisins.....	40
	Reynsla foreldra af skólakerfinu.....	42
	Nám nemenda á að vera einstaklingsmiðað.....	45
4.4	Afskólun í nútímasamfélagi og áskoranir.....	46
	Frelsi og flæði.....	46
	Fjölskyldunánd og tengsl.....	47
	Að synda á móti straumnum.....	48
5.	Umræða.....	53
5.1	Afskólun og menntun.....	53
5.2	Ástæður foreldra til að afskóla.....	55
	Ádeila á skólakerfið.....	55
	Fjölskyldunánd.....	56
5.3	Afskólun í nútímasamfélagi.....	56
	Lög og reglugerðir og Aðalnámskrá grunnskóla.....	56
	Palli einn í heiminum.....	57
6.	Samantekt og lokaorð.....	59
	Heimildir.....	63
	Fylgiskjöl.....	73

Töflur

<i>Tafla 1 Þátttakendur í rannsókninni</i>	<i>29</i>
--	-----------

1. Inngangur

Menntun er einn af hornsteinum samfélagsins og í nútímasamfélagi má finna fjölbreytta flóru nemenda sem allir hafa ólík áhugasvið og þarfir. Aðalnámsskrá grunnskóla talar um að skólakerfið sé „mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggi almenna menntun“ en auk þess öðlast fólk almenna menntun víðar en í skólakerfinu. Þar með byggir almenn menntun á fjölbreyttu námi sem einnig mótast af menningu, umhverfi og samfélagi. Almenn menntun stuðlar að aukinni hæfni nemenda til að tileinka sér ævilangt nám og taka ábyrgan þátt í lýðræðissamfélagi (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2013, bls. 15).

Skólastarf á Íslandi er byggt á hugmyndum um skóla án aðgreiningar en í því felst að koma á til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins þar sem lögð er áhersla á manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti. Í Aðalnámsskrá kemur skýrt fram að nám hvers og eins er á þeirra eigin forsendum og bera á virðingu fyrir þeim fjölbreytileika sem nútímasamfélag hefur upp á að bjóða. „Skólinn á að vera griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar“ (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2013, bls. 44–45). Samt sem áður virðist það ekki vera raunveruleiki margra barna en samkvæmt könnun Velferðarvaktarinnar eru um eitt þúsund börn á Íslandi sem eiga við skólaforðun að stríða, þ.e. að þau forðast að sækja skóla vegna tilfinningalegra erfiðleika (Félagsmálaráðuneytið, 2019, án bls.). Andlegri heilsu ungmenna á Íslandi fer hrakandi og enn fleiri nemendur finna fyrir kvíða og depurð en ýmsar rannsóknir síðustu ára gefa til kynna að nemendum líði verr nú en áður (Sigrún Daníelsdóttir, Védís Helga Eiríksdóttir og Salbjörg Bjarnadóttir, 2017, bls. 1).

Öll þessi atriði vekja mann til umhugsunar um hver hin eina sanna menntun er, hvort hún sé yfir höfuð til og hvað við getum gert til þess að bæta bæði líðan og menntun nemenda. Mikilvægt er að leitað sé allra úrræða til þess að veita nemendum einstaklingsmiðað nám sem leggur ekki aðeins áherslu á námsárangur heldur einnig vellíðan. Öll viljum við að börnunum okkar farnist vel og fái bestu mögulegu menntun. En hvað ef sú menntun sem foreldrar telja að sé barninu sínu fyrir bestu er ekki innan veggja hins hefðbundna skóla?

Þegar ég eignaðist son minn vorum við fjölskyldan búsett í útlöndum. Þar kynntist ég hópi af ungu fólki sem hefur ákveðið að senda börnin sín ekki í leik- og grunnskóla, heldur kýs að vera með börnin í heimakennslu. Þar með eru það foreldrarir sjálfir sem sjá um uppeldi og menntun barna sinna. Uppeldið og fræðslan eiga að stuðla að því að börnin geti stýrt eigin námi og hugsni um hvað þeim sjálfum er fyrir bestu. Mér fannst viðhorf þeirra og hugsunarháttur áhugaverður og varð það kveikjan að þessari rannsókn. Þessi hópur foreldra kennir sig við hugmyndafræði *unschooling*. Hugtakið hefur ekki verið þýtt á íslensku en miðað við lýsingu á hugtakinu væri hægt að þýða það sem „afskólun“, „utanskólanám“ eða „utanskólun“. Hér hefur verið ákveðið að notast við orðið afskólun.

Heimakennsla á Íslandi er lögleg samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) en lítil umræða hefur verið um heimakennslu á Íslandi og fáir hafa notfært sér hana (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 73). Menntun, hver sem hún er, á að snúast um heildstæðan þroska nemenda og á að búa þá undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að efla félagsfærni sína og hafi möguleika á að taka lýðræðislegan þátt í sínu eigin lífi. Vert er að velta fyrir sér hvort afskólun uppfylli þessar kröfur og gæti í framtíðinni talist æskileg nálgun á námi samhliða hefðbundnu skólakerfi.

1.1 Markmið og rannsóknarspurning

Í þessari rannsókn verður skoðað nánar hvað afskólun er og á hvaða hugmyndafræði hún byggir. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvers vegna foreldrar ákveða að beita þessari nálgun þegar kemur að menntun barna sinna og einnig verður því velt fyrir sér hvort afskólun sé möguleg á Íslandi. Rannsóknarspurningarnar sem hafðar verða að leiðarljósi eru:

- Hver eru viðhorf afskólara til menntunar?
- Er samband á milli viðhorfa þeirra til menntunar, þeirra eigin reynslu af skólakerfinu og að vilja afskóla börn sín?
- Er afskólun raunhæf nálgun á námi í nútímasamfélagi?

Þessi atriði verða rannsökuð með fræðilegri umfjöllun um efnið og með því að taka viðtöl við foreldra sem nú þegar eða hyggjast nota þessa aðferð þegar

kemur að menntun barna þeirra. Fjallað verður nánar um viðtölin í aðferðakaflanum.

Þörf er á að skoða þetta viðfangsefni nánar þar sem engar rannsóknir eru til á Íslandi sem beina kastljósinu að afskólun og rétti foreldra til þess að sjá um menntun barna sinna utan skólakerfisins á annan hátt en lög og reglugerðir og Aðalnámskrá segja til um. Vonandi getur þessi rannsókn aukið skilning á hugtakinu og leitt til umræðna um tækifæri foreldra til þess að fara óhefðbundnar leiðir í námi þar sem fjölskyldunánd og sjálfraeði ásamt árangri og vellíðan nemenda er í brennidepli.

1.2 Uppbygging ritgerðarinnar

Rannsókninni er skipt niður í fjóra meginkafla sem einnig er skipt í viðeigandi undirkafla. Fyrst er fræðileg umfjöllun sem beinist að hugmyndafræði afskólunar. Þar verður meðal annars farið yfir fyrri rannsóknir og greinar sem hafa verið skrifaðar um efnið. Einnig verða lög og reglugerðir sem tengjast efninu skoðuð ásamt Aðalnámskrá grunnskóla. Í aðferðafræðikaflanum verður gerð grein fyrir rannsókninni sjálfri og meðal annars fjallað um framkvæmd og gagnaöflun, réttmæti og áreiðanleika, siðferðileg álitamál og greiningu gagna. Að því loknu verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og í kjölfarið umræður um þær í tengslum við fræðilega umfjöllun. Í síðasta hluta rannsóknarinnar er samantekt og lokaorð.

2. Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fjallað um afskólun sem tegund af heimakennslu. Leitast er eftir að skoða hugtakið í ljósi rannsókna og annarra fræðilegra skrifa. Síðasti hluti kaflans varpar ljósi á lagaákvæði varðandi heimakennslu á Íslandi og skoðaðar eru áherslur í nágildandi Aðalnámskrá.

2.1 Heimakennsla - menntun utan skóla

Heimakennsla er nám sem fer fram heima fyrir og í flestum tilvikum eru þá foreldrar í kennarahlutverki sem sjá um menntun barna sinna. Hugtakið heimakennsla er oft notað sem regnhlífarhugtak yfir menntastefnur sem leggja áherslu á menntun sem á sér stað utan skólakerfisins. Þetta getur verið villandi þar sem hugtakið heimakennsla gefur í skyn að hefðbundin kennsla sé færð beint frá skólum og yfir á heimilin en svo þarf ekki endilega að vera (Kunzmann og Gaither, 2013, bls. 13; Ray, 2010, bls. 1–2).

Viðhorf almennings til heimakennslu er fjölbreytt en á það sameiginlegt að fólk sér oft fyrir sér ákveðnar staðalímyndir eða öfgahópa, þ.á.m. sér fólk ýmist fyrir sér öfgatrúarhópa er afneita ýmsum staðreyndum sem kenndar eru í skólum, foreldra sem gefa börnum sínum fullkomið frelsi eða foreldra sem ákveða að sjá um menntun barna sinna sjálf vegna þess að þeir vilja að börn sín skari fram úr námslega á unga aldri. Fjölmíðlar ýta undir þessar hugmyndir þar sem dregin er upp mynd af vænisjúkum foreldrum sem halda börnum sínum í heljartaki og telja sig vita betur en aðrir. Þessar staðalímyndir endurspeгла ekki raunveruleikann þar sem raunveruleiki þessara jaðarhópa er oft mun fjölbreyttari og flóknari en það (Houseman, 2011, bls. 13–14; Morton, 2012, bls. 45–46).

Foreldrar er notast við heimakennslu er oft á tíðum skipt í tvo andstæða hópa, annars vegar trúaða hægrisinna sem telja skólakerfið kenna á skjön við þeirra persónulegu trú og hins vegar vinstrisinna sem hafna menntastofnunum og telja þær takmarka námsmöguleika nemenda. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar mátti finna fleiri róttæka hópa sem töldu sig ekki falla í þessar tvær fylkingar og vildu leggja meiri áherslu á sjálfstýrt nám. Á meðal þeirra var fræðimaðurinn John Holt en hann kom fyrstur fram með hugtakið afskólun (e. unschooling) á 8. áratugnum. Holt starfaði sem kennari en gaf starfsferilinn upp á bátinn og gagnrýndi skyldunám harðlega (Sánchez Tyson, 2019, bls. 29).

Heimakennsla er yfirhugtak um kennslu utan skólakerfisins og afskólun er ein aðferð eða sýn á slíka kennslu. Til eru margar stefnur sem eru að mestu leyti byggðar á sömu hugmyndum og gildum en fólk er ekki sammála um hvort um samheiti er að ræða eða undirhópa. Til dæmis má nefna *unschooling*, *hackschooling*, *worldschooling*, *free-range learning*, *life learning*, *free schools*, *democratic schooling*, *radical unschooling*, *eclectic unschooling* og *relaxed homeschooling* (Gray og Riley, 2015a, bls. 18; Sherman, 2017, bls. 77).

Erfitt er að áætla hversu margir notast við afskólun í heimakennslu en svo virðist sem heimakennslu hafi vaxið fiskur um hrygg á síðastliðnum árum, þá sérstaklega í Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada og Ástralíu (Guterman og Neuman, 2018, bls. 76). Heimakennsla er einna vinsælust í Bandaríkjunum en þar er áætlað að um 1,8 milljónir nemenda hafi verið í heimakennslu árið 2012. Til samanburðar voru um 900.000 nemendur í heimakennslu árið 1999. Því má áætla að tæplega 4% af nemendum á skólaaldri í Bandaríkjunum sé kennt heima fyrir (Aurini og Davies, 2005, bls. 461–463; Kunzman og Gaither, 2013, bls. 31; Redford, Battle og Bielick, 2016, bls. ii). Tölurnar eru líklega enn hærri þar sem foreldrar reyna oft á tíðum að komast hjá því að skrá heimakennslu hjá yfirvöldum vegna þess að þeir vilja forðast það að fylgst sé með þeim (Kunzman, 2009, bls. 314). Ekki er vitað hversu stórt hlutfall foreldra nota afskólun en hlutfall þeirra sem velja heimakennslu vegna trúarlegra ástæðna fer lækkandi og hlutfall þeirra sem velja heimakennslu vegna þess að þeir telja umhverfi og aðferðir skólanna óviðunandi fer hækkandi (Redford, Battle og Bielick, 2016, bls. i–ii).

Samkvæmt Planty o.fl (2009, bls. 14) má álykta að í dæmigerðri heimakennslufjölskyldu í Bandaríkjunum búi tveir foreldrar á heimilinu og í meirihluti þeirra fjölskyldna er einhver þeirra með háskólagráðu. Í flestum tilfellum er annað foreldrið útivinnandi á meðan hitt foreldrið sér um heimilið og í flestum tilvikum eru það mæðurnar sem sjá um kennslu. Almennt eru þessar fjölskyldur hvítar og í millistétt (Gray og Riley, 2013, bls. 6; Kunzman og Gaither, 2013, bls. 12; Redford, Battle og Bielick, 2016, bls. 8–9).

2.2 Afskólun

Hugtakið afskólun hefur einna helst verið notað um sjálfstýrt nám sem á sér stað utan við hið hefðbundna skólakerfi og byggir á trausti og virðingu. Með sjálfstýrðu námi er nemandanum treyst fyrir eigin námi og hefur hann fullt frelsi til þess að ákveða hvað hann vill læra, m.ö.o. fær nemandinn frelsi til þess að gera það sem hann langar til, þegar hann vill og hlutverk foreldra er að aðstoða hann við það (Romero, 2018, bls. 56–58; Sherman, 2017, bls. 77). Með afskólun er ekki notast við neina námskrá, undirbúna kennslu eða skólabækur og lítið á námsmat sem truflandi afl (Gray og Riley, 2013, bls. 3). Samkvæmt Romero (2018, bls. 58) eiga foreldrar að gefa börnunum svigrúm til þess að ákveða sjálf hvað og hvenær þau vilja læra en hlutverk foreldra felst í að bjóða upp á ótakmarkaðan aðgang að þekkingu og upplýsingum. Á sama tíma er það jafnframt hlutverk foreldra að veða og meta hvaða efni er við hæfi. Gray og Riley (2015a, bls. 19) segja að nemendur geti engu að síður stundað formlegt nám utan heimilis sem byggt er á kennsluáætlunum og námskrám (til dæmis áfangar í fjarnámi) svo lengi sem það er að þeirra eigin frumkvæði.

Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir á afskólun en nokkuð er til af rannsóknum á heimakennslu. Á meðal þeirra er rannsókn Rudner (1999, bls. 27–33) sem gaf til kynna að nemendur, sem hefur verið kennt heima, sýna fram á betri námsárangur en nemendur í almennum og einkareknum skólum. Rannsókn Ray (2010, bls. 19, 21 og 27) sýndi það sama og sjá mátti að nemendur í heimakennslu, sem skara mest fram úr námslega, komu frá hálaunuðum heimilum þar sem báðir foreldrar eru háskólamenntaðir. Að því gefnu er líklegt að frammistaða nemenda hafi lítið sem ekkert með það að gera að námið fer fram heima.

Í tveimur sjálfstæðum rannsóknum Belfield (2005, bls. 174) og Qaqish (2007, bls. 11) var námsárangur nemenda í heimakennslu borinn saman við námsárangur nemenda í einka- og ríkisreknum skólum. Allir nemendur tóku samræmd SAT próf og voru niðurstöður hópanna bornar saman með tilliti til mismunandi bakgrunns fjölskyldna. Munurinn á milli hópa var lítill en engu að síður sýndu nemendur í heimakennslu aðeins betri árangur í læsi og skilningi en verri árangur í stæðfræði.

Í rannsókn Martin-Chang, Gould og Meuse (2011, bls. 197–199) var markmiðið að bera nemendur í heimakennslu saman við nemendur í hefðbundnum skólum en eftir að rannsóknin hófst varð ljóst að nauðsynlegt

var að skipta heimakennsluhópnum í tvennt þar sem annars vegar fór fram skipulögð kennsla (e. *structured*) og hins vegar óskipulögð kennsla (e. *unstructured*). Með skipulagðri kennslu var kennslan og námsefnið skipulagt af foreldrum með námskrá og kennsluáætlunum. Með óskipulagðri kennslu var litið svo á að námið væri fléttað saman við daglegt líf fjölskyldunnar. Niðurstöður bentu til þess að nemendur sem fengu skipulagða kennslu stóðu sig betur en nemendur í hefðbundnum skólum en nemendur sem fengu óskipulagða kennslu stóðu sig verr námslega en hinir tveir hóparnir.

Peter Gray er einn af helstu talsmönnum afskólunar og var einn þeirra fyrstu sem hóf rannsóknir á efninu. Hingað til hefur hann rannsakað afskólun bæði frá sjónarhorni foreldra og barna. Í eiginlegri rannsókn Gray og Riley frá árinu 2013 (bls. 1–10, 18–21) voru opnir spurningalistar lagðir fyrir 232 fjölskyldur sem skilgreindu sig sem afskólara (e. *unschoolers*). Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvernig foreldrar skilgreindu afskólun, af hverju þeir völdu þessa leið og hvað þeir töldu vera helstu kosti og galla hugmyndafræðinnar. Við úrvinnslu gagna var notast við magnbundna greiningu (e. *quantitative analysis*). Að mati foreldra hafði afskólun jákvæð áhrif á námsáhuga barna og hafði í för með sér betra viðhorf til náms auk þess sem sjá mátti aukna vellíðan á meðal barnanna og fjölskyldnanna. Einnig sýndu niðurstöður fram á að afskólun gæfi fjölskyldunum kost á aukinni fjölskyldunánd, stöðugleika og frelsi. Foreldrar töldu börnin vera félagslyndari þar sem þau fengu tækifæri til að umgangast fólk á öllum aldri í staðinn fyrir að umgangast nær eingöngu nemendur á sama aldri eins og gengur og gerist í hefðbundnum skólum. Foreldrar nefndu að þeim þætti erfitt að takast á við utanaðkomandi þrýsting frá nærsamfélaginu, aðallega þá gagnrýni sem fylgir þessari óhefðbundnu nálgun á námi. Ástæður þess að foreldrar völdu að afskóla börnin sín voru meðal annars vegna slæmrar reynslu barnanna af skólakerfinu. Þar nefndu foreldrar að skólakerfið væri of stíft og of mikil áhersla lögð á hlýðni og undirgefni. Foreldrar töldu að skólinn drægi úr náttúrulegum vilja barnanna til þess að læra og þar með væri traðkað á innri áhugahvöt þeirra. Einnig nefndu foreldrar að þeir hefðu ákveðið að taka börn sín úr skóla vegna þess að þeim liði ekki vel, fyndu fyrir kvíða eða höfðu verið lögð í einelti.

Tveimur árum síðar framkvæmdu Gray og Riley rannsókn þar sem þau tóku viðtöl við einstaklinga sem höfðu verið afskólaðir. Alls 75 þátttakendur voru beðnir um að lýsa reynslu sinni af afskólun. Að þeirra mati voru helstu

kostir afskólunar frelsið og tíminn til þess að geta fylgt sinni eigin áhugahvöt og tækifærin til að taka sjálf ábyrgð á sínu eigin námi. Þátttakendur sögðu helstu ókosti afskólunar meðal annars vera að þeim þætti erfitt að takast á við gagnrýni og neikvæðar skoðanir annarra á afskólun. Stór hluti þátttakenda sagðist hafa tekið virkan þátt í fjölbreyttu félagslífi þar sem þeir umgengust hóp fólks á ýmsum aldri. Samt sem áður nefndu þrír þátttakendur að þeim þótti erfitt að sætta sig við þá félagslegu einangrun sem fylgdi afskólun. Það gat reynst erfitt að finna önnur börn í heimakennslu og erfitt að kynnast öðrum krökkum þegar meirihluti barna eyðir mestum tíma dagsins í skólanum. Vert er að nefna að þessir þrír þátttakendur sögðust koma úr erfiðum fjölskylduaðstæðum þar sem móðirin glímdi við þunglyndi og/eða faðirinn var ekki til staðar (Gray og Riley, 2015a, bls. 10, 23, 26–27).

Þegar heimakennslu ber á góma koma oft fram áhyggjur af félagsfærni barna. Í grein Medlin (2013, bls. 284–285) fer hann yfir ýmsar rannsóknir sem hafa skoðað félags- og tilfinningafærni nemenda í heimakennslu. Þær rannsóknir benda til að ekki sé hægt að sjá að nemendur í heimakennslu sýni fram á lakari félagsfærni eða tilfinningalegt jafnvægi en nemendur í hefðbundnum skólum. Afskólarar eiga oft í erfiðleikum með að finna aðrar fjölskyldur í sömu hugleiðingum en þar skipar tæknin oft veigamikinn sess í lífi þeirra þar sem fjölskyldur tengjast meðal annars í gegnum samfélagsmiðla, heimasíður, rithöfunda og fyrirlesara og fá þannig tækifæri til að sjá árangur og fá innblástur hjá öðrum fjölskyldum sem nota afskólun (Sherman, 2017, bls. 85–86).

Nær allar rannsóknir sem hafa verið gerðar á heimakennslu og afskólun eru eigindlegar rannsóknir. Hvergi er til víðtækur gagnagrunnur um fjölskyldur sem kenna heima fyrir og hvergi fer fram opinber skráning á afskólurum. Þetta gerir það að verkum að erfitt reynist að finna úrtak sem valið er af handahófi. Þær rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar eru oft ekki marktækar vegna þess að þátttakendur eru í nær öllum tilvikum sjálfvaldir og þeir þátttakendur sem hafa ekki áhuga á að taka þátt eru ekki skyldugir til þess. Þetta gerir það að verkum að þeir foreldrar sem telja að börnum sínum gangi vel eru líklegri til þess að taka þátt og þar með er ekki tækifæri til þess að kynnast reynslu þeirra sem gengur verr (Reich, 2008, bls. 23).

Afskólun sem lífssýn

Kunzman og Gaither hafa tekið saman þær rannsóknir sem hafa skoðað heimakennslu út frá sjónarmiði foreldra og þar kemur fram að foreldrar sjá heimakennslu oft sem óhefðbundna nálgun á fjölskyldulíf sem að mörgu leyti er mjög frábrugðið því fjölskyldulífi sem viðgengst almennt í nútímasamfélagi. Þessar hugmyndir endurspeglast af fjölskyldunánd og þeirri löngun að foreldrar vilja verja meiri tíma með börnunum og hafa meiri áhrif á líf þeirra. Oft telja foreldrar að menntun sé hluti af foreldrahlutverkinu og því getur heimakennsla verið liður í því að styrkja fjölskyldutengslin enn frekar (Kunzman og Gaither, 2013, bls. 9–10).

Gray og Riley vitna í doktorsritgerð Donna Kirschner sem skoðaði afskólun út frá hugmyndafræði mannfræðinnar. Með hefðbundnum etnógrafískum aðferðum skilgreindi hún afskólun sem mótmennningarlegt samfélag (e. countercultural community). Afskólun er ekki einungis ákveðin stefna þegar kemur að menntun barna heldur telur hún þetta ákveðið lífsviðhorf þar sem fólk velur óhefðbundnar leiðir í lífinu og áhersla er lögð á að treysta börnunum (Gray og Riley, 2015a, bls. 10).

Rebecca Grunzke tekur undir þessar hugmyndir og telur að hægt sé að flokka afskólara sem menningarlegan undirhóp (e. cultural subgroup) sem er mjög frábrugðinn þeim hópum sem nota hefðbundna heimakennslu og/eða senda börn sín í skóla. Í doktorsritgerð sinni í mannfræði bar Grunzke saman sjónarmið, uppeldishugmyndir og lífsstíl mæðra. Þátttakendur skiptust í þrjá hópa: mæður sem sendu börnin sín í hefðbundinn skóla, mæður sem notuðu heimakennslu og mæður sem notuðu afskólun. Mæðurnar sem afskóluðu voru mun líklegri til að fara óhefðbundnar leiðir í uppeldi barna sinna og sjá mátti að stór hluti þeirra lagði áherslu á tengslauppeldi (Grunzke, 2010, bls. 12, 47, 135, 151). Tengslauppeldi (e. attachment parenting) fjallar um mikilvægi góðra og öruggra tilfinningatengsla umönnunaraðila við barn sitt. Samkvæmt kenningunni eru meiri líkur á að barn búi yfir innri áhugahvöt til þess að rannsaka og skoða heiminn þegar tengsl barns við foreldra eða umönnunaraðila eru sterk. Með því að leyfa barninu sjálfu að vega og meta hvernig og hvenær það vill kanna og skoða heiminn í kringum sig eru foreldrar að ýta undir getu þess til að þroska sjálföryggi sitt, sjálfsmynd og hæfni. Barnið velur þar með sjálft hvenær það vill draga sig í hlé og hvenær það vill finna fyrir tengslum við foreldra sína (Riley, 2018, bls. 58). Tengslauppeldi leggur þar að auki áherslu á ýmsar leiðir sem eiga að ýta undir enn frekari tengsl á milli barna og

umönnunaraðila. Þar á meðal er lögð áhersla á að foreldrar reyni að lesa í grát, hljóð og merki barnsins, að þeir beri börn sín í burðarsjólum eða burðarpokum og að foreldrar leggi áherslu á samsvefn og brjóstagjöf til lengri tíma (English, 2015, bls. 5).

Hugmyndir Rebecca English (2015, bls. 1, 12–13) eru samhljóma skrifum Grunzke og Kirschner en hún tók viðtöl við 30 ástralskar mæður sem notuðu afskólun. Hátt hlutfall þeirra sagðist velja afskólun vegna þess að það félli vel við þeirra uppeldisstíl sem byggir á tengslauppeldi. Með afskólun sögðust mæðurnar geta lagt enn frekari áherslu á traust og virðingarfyllt uppeldi.

Þó að sumir afskólarar hugsi ef til vill um afskólun sem lífssýn sem leggi áherslu á náttúrulegt líferni (e. natural living) og tengslauppeldi er ekki hægt að alhæfa um að það eigi við alla. Eins og fram kom í rannsókn Gray og Riley eru ýmsar ástæður fyrir því að foreldrar velja að afskóla börnin sín og mismunandi hvort nemendur eru afskólaðir frá upphafi eða ekki. Samkvæmt rannsókn þeirra svaraði meirihluti þátttakenda að þeir hefðu afskólað frá upphafi og virtust hugmyndir þeirra og lífssýn falla vel að hugmyndum Grunzke og Kirschner (Gray og Riley, 2015a bls. 11–12).

Ýmsar rannsóknir benda til að oft á tíðum finni stór hluti mæðra sem notast við heimakennslu fyrir miklu álagi í foreldrahlutverki sínu sem getur leitt til þess að þær finni fyrir kulnun. Þessar mæður líta á heimakennslu sem ákveðið tímabil af lífi sínu þar sem mikill metnaður er lagður í foreldrahlutverkið. Þær verða oft fyrir gagnrýni og sakaðar um að ofvernda börnin sín og vera of tengdar þeim. Samhljómur er í viðbrögðum mæðranna við þessum ásökunum og veltu þær því fyrir sér hvort það væri ef til vill ekki frekar samfélagið sem væri sökudólgurinn. Vandinn væri sá að nútímasamfélag gerði sér ekki grein fyrir hversu mikilvæg trygg og náin fjölskyldusambönd eru (Kunzman og Gaither, 2013, bls. 12).

2.3 Áhugahvöt

Vert er að velta því fyrir sér hvað ræður örlögum okkar, hvort það séum við sjálf eða hvort utanaðkomandi hvatar hafi þar áhrif. Einstaklingur sem er með innri stjórnrot (e. internal locus of control) telur sjálfan sig valda því hver útkoma hegðunar sinnar er, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð. Einstaklingar með ytri stjórnrot (e. external locus of control) upplifa hins vegar

að líf þeirra stjórnist af ytri þáttum. Rannsóknir síðustu ára benda til að sífellt fleiri ungmenni upplifi að líf þeirra stjórnist af ytri þáttum. Einstaklingar með háa ytri stjórnrot eiga frekar á hættu að ganga verr námslega, glíma við þunglyndi og kvíða og finna fyrir hjálparleysi. Einstaklingar með innri stjórnrot sýna meiri hvöt til þess að reyna að breyta og hafa áhrif á hegðun sína í framtíðinni (Twenge, Zhang og Im, 2004, bls. 308).

Foreldrar sem nota heimakennslu telja að kennsluáðferðum í skólum sé ábótavant og ekki sé lögð nógu mikil áhersla á aðferðir sem efla námsáhuga nemenda (Knowles, Muchmore og Spaulding 1994, bls. 239–240). Það einskorðast ekki aðeins við foreldra sem aðhyllast heimakennslu heldur er það útbreytt áhyggjuefni að áhugahvöt nemenda í grunnskólum fer þverrandi. Rannsóknir hafa meðal annars sýnt fram á að þegar nemendur fara upp á miðstig í grunnskóla minnkar sjálfásátt þeirra og áhugi þeirra á bóklegum fögum dvínar. Nemendum finnst þeir ekki geta lært lengur eða leyst verkefni og sú líðan getur haft neikvæð áhrif á frammistöðu þeirra. Það getur einnig haft áhrif á einbeitingu nemenda í kennslustundum og þeir átt á hættu að þróa með sér skólaförðun. Þessi skortur á áhugahvöt er talinn vera afleiðing lélegs samspils tveggja þátta, að sálfræðilegum þörfum nemenda er ekki mætt og að námsumhverfi þeirra sé ábótavant. Þegar nemendur fá ekki tækifæri til þess að taka ábyrgð á eigin námi og haga því sjálfir getur það haft í för með sér að nemendur hafi ekki trú á sjálfum sér. Til þess að nemendum finnist þeir geta tekist á við meira sjálfstæði (e. independence) og sjálfstjórn (e. personal control) þurfa þeir fyrst að finna að þeir ráði yfir sjálfum sér. Innan skólastofunnar er þeim oft ekki veitt næg tækifæri til að þroskast og æfa þessa sjálfstjórn. Á sama tíma búast kennarar oft við auknu sjálfstæði og ætlast til að nemendur bjargi sér sjálfir (Cleary og Zimmerman, 2004, bls. 537–538).

Margt af því sem fólk ákveður að taka sér fyrir hendur er ekki byggt á þeirra eigin áhugahvöt. Eftir því sem börn verða eldri minnkar frelsi þeirra til að fylgja eigin áhugahvöt. Í staðinn er sífellt meiri þrýstingur á einstaklinga að gera hluti sem þeir hafa ekki áhuga á. Þegar foreldrar eða kennarar reyna að ýta undir ákveðna hegðun hjá börnum er óvíst hvaða áhrif það getur haft í för með sér. Barnið getur fundið fyrir hvatningu og tekið þátt af sjálfsdáðum eða fundið fyrir móthróa og átt á hættu að verða óvirkur þátttakandi sem finnur ekki fyrir persónulegri skuldbindinu gagnvart náminu (Ryan og Deci, 2000, bls. 71).

Sjálfsákvörðunarkenningin

Samkvæmt Deci og Ryan skipar áhugahvöt (e. motivation) veigamikinn sess í lífi fólks og er drifkraftur sem fær einstaklinga til að hugsa, starfa og þroskast. Sjálfsákvörðunarkenningin (e. self-determination theory) um áhugahvöt og vellíðan byggir á þeirri trú að allir einstaklingar hafi hvatir til að þroska með sér sína eigin sjálfsvitund á náttúrulegan og meðfæddan hátt. Einstaklingur þarf á þremur mikilvægum sálfræðilegum þáttum að halda til þess að stuðla að áhugahvöt og þátttöku einstaklinga í námi ásamt heilbrigðum sálfræðilegum þroska. Í fyrsta lagi þurfa einstaklingar að finna fyrir hæfni (e. competence) í félagslegum aðstæðum og samskiptum við aðra. Í öðru lagi þurfa einstaklingar að mynda félagatengsl (e. relatedness), eins og að hafa tilfinningu fyrir að tilheyra samfélagi og finna fyrir gagnkvæmri umhyggju. Í þriðja lagi þurfa einstaklingar að upplifa sjálfraði (e. autonomy), þ.e. að finna að athafnir og tilfinningar séu í samræmi við eigin áhuga, vilja og gildi. Ef félagslegt umhverfi hindrar eða kemur í veg fyrir þessa þætti getur það haft skaðleg áhrif á einstaklinginn. Félagslegt umhverfi hefur áhrif á áhugahvöt og sjálfstjórn einstaklinga og þar með getur umhverfið bæði dregið úr og aukið hæfni þeirra til að beita frumkvæði og taka sjálfstæðar ákvarðanir út frá innri áhugahvöt og eigin vilja (Deci og Ryan, 2008, bls. 14-16; Ryan og Deci, 2000, bls. 68–69).

Hægt er að virkja áhugahvötina á tvo vegu, annars vegar með innri áhugahvöt og hins vegar með ytri áhugahvöt. Ryan og Deci (2000, bls. 69-72) skilgreina innri áhugahvöt (e. intrinsic motivation) sem athafnir sem við veljum að framkvæma vegna þess að þær hafa gildi fyrir okkur sjálf. Sjálf athöfnin höfðar til einstaklingsins og veldur vellíðan og þegar umbuninni er náð finnur einstaklingurinn einnig fyrir ánægju yfir að hafa náð markmiði sínu. Með ytri áhugahvöt (e. extrinsic motivation) er hvatningin fólgin í einhvers konar utanaðkomandi umbun. Athöfninni sjálfri fylgir ekki ánægja heldur er það umbunin utan frá sem er ástæða fyrir gjörðum hans. Dæmi um þetta er að stór hluti nemenda fer í gegnum námsefni til þess að öðlast nógu góða þekkingu til þess að standast próf eða verkefni. Þetta er aðeins liður í að ná öðru markmiði en hefur ekki gildi í sjálfu sér.

Afskólun og innri áhugahvöt

Gina Riley bendir á að með afskólun fái nemendur svigrúm til að stunda nám sem byggir á sjálfvöldum markmiðum sem þeir síðan reyna að ná með sjálfstæðum leiðum. Hún telur að afskólun sé nám sem byggir á innri áhugahvöt og nemendur fá tækifæri til þess að læra á náttúrulegan og eðlislægan hátt. Að hennar mati er afskólun bein beiting á sjálfsákvörðunarkenningu Deci og Ryan þar sem nemendur læra af því að þá *langar* til þess en ekki af því að þeir *þurfa* þess (Riley, 2018, bls. 54).

Hlutverk foreldra er að bjóða upp á umhverfi sem gefur kost á fjölbreyttum möguleikum og tækifærum fyrir sjálfstýrt nám. Ryan og Deci kalla þetta stuðning við sjálfræði (e. autonomy support) og segja að styðjandi umhverfi fyrir sjálfstýrt nám fóstri innri áhugahvöt. Skoðað hefur verið hvernig stuðningur við sjálfræði af hálfu foreldra hefur jákvæð áhrif á innri áhugahvöt nemenda í hefðbundnum skólum. Gera má ráð fyrir að sömu áhrif eigi sér stað í fjölskyldum sem afskóla börnin sín (Riley, 2018, bls. 57).

Í skrifum sínum ber Levin-Gutierrez (2015, bls. 36–38) saman innri áhugahvöt afskólara við nemendur í hefðbundnum skólum. Hún telur að afskólalarar hafi fulla stjórn á námi sínu og byggji það að öllu leyti á innri áhugahvöt. Afskólaðir nemendur taka ákveðið námsefni fyrir og hætta ekki fyrr en þeir hafa náð að seðja þorsta sinn og einungis þá eru þeir tilbúnir að snúa sér að einhverju öðru. Skólakerfið er hins vegar að nær öllu leyti byggt á ytri áhugahvöt þar sem notast er við umbunarkerfi eins og límmiða, verðlaun, einkunnir og hrós. Í staðinn fyrir að efla innri áhugahvöt nemenda með því að gefa þeim frjálssar hendur er reynt að ýta undir innri áhugahvöt með ytri áhrifavöldum. Þetta getur verið varasamt þar sem það getur valdið meiri skaða en gagn og gengur Levin-Gutierrez svo langt að segja að skólakerfið taki fram fyrir hendurnar á nemendum með því að hunsa áhuga, gildi og væntingar þeirra og segir að nemendur séu takmarkaðir af skólakerfinu bæði líkamlega og félagslega. Hún segir að „skólakerfið eins og við þekkjum það, fóstur ekki innri áhugahvöt og til langs tíma litið, ef einhver [áhugahvöt] er til staðar, þá er hún drepin“¹. Levin-Gutierrez tekur sem dæmi lestur barna. Ef nemandi byrjar skólagöngu sína með brennandi áhuga á lestri þá er innri áhugahvötin nú þegar til staðar. Hún er síðan bæld niður með verðlaunum eins og til dæmis

¹ The school system as we know it does not foster intrinsic motivation and in the long run, any existing one is killed

límmiðum fyrir hvert skipti sem barnið les heima. Í staðinn fyrir að nemandinn haldi áfram að byggja ofan á innri áhugahvöt sína fyrir lestri byrjar það að tengja lestur við ákveðna umbun en ekki sanna ánægju. Þar með breytist tilgangurinn og færist yfir á ytri hvata.

2.4 Afskólun sem andspyrna við hið hefðbundna kerfi

Saga menntunar

Mikilvægt er að skoða hvernig skólakerfið kom til sögunnar til þess að skilja af hverju það er eins og það er. Í bók sinni *Free to learn* rekur Peter Gray sögu skólakerfisins og leggur áherslu á að þótt það sé inngróið í samfélagið er það ekki endilega byggt á vísindum og rökfræði heldur er það að mörgu leyti afurð mannkynssögunnar. Lengi vel lifðu mennirnir sem veiðimenn í ættbálkum, þar sem lífið snerist að mestu leyti um að leika sér, veiða og safna sér til matar. Veiðimenn aðgreindu ekki vinnu frá leik heldur litu þeir á vinnuna sem eitthvað spennandi og nauðsynlegt en ekki strit. Veiðimenn litu á sig sem hluta af náttúrunni en ekki sem eitthvað aðgreint frá henni. Börn á öllum aldri voru virkir þátttakendur í lífi ættbálksins á þann hátt að þau hermdu eftir foreldrum sínum í gegnum leik sem smám saman varð að þeirra hversdagsleika þegar þau urðu eldri. Á þennan hátt var almenn trú veiðimanna að börn mennta sig sjálf í gegnum sjálfstýrðan leik og athuganir þar sem forvitnin fær að ráða förlinni. Í kjölfar landbúnaðarbyltingarinnar bötnuðu lífsgæði fólks til muna en meiri ábyrgð og álag færðist yfir á börnin þar sem gert var ráð fyrir að þau myndu hjálpa til við störfin heima við. Hér breyttist lífssýn manna að mörgu leyti. Í staðinn fyrir að mennirnir töldu sig vera hluti af náttúrunni reyndu þeir að stjórna henni eins mikið og mögulegt var (Gray, 2009, bls. 476; Gray, 2013, 43–47, 50). Með tilkomu lénskipulags (e. feudalism) var lögð aðaláhersla á hlýðni og var trúin lengi vel sú að berja þurfti vilja og frelsi úr fólki til þess að það yrði góðir þegnar. Viðs vegar um heim hélt kaþólska kirkjan lengi vel heljartaki um þekkingu og menntun almúgans og bannaði það sem talið var vera í bága við trúna. Mótmælendatrú lagði hins vegar áherslu á sjálf saga í staðinn fyrir að halda aga með valdi. Með iðnbyltingunni færðist skólalald að miklu leyti frá kirkjunum og yfir á ríkið. Á þessum tíma voru mörg börn á

vinnumarkaði frá unga aldri en fengu nú tækifæri til þess að læra að lesa og skrifa. Á þessum tíma var skólaskyldu komið á víðs vegar um heiminn og var aðalmarkmið skólanna að stjórna því hvað fólk læsi, hvernig það hugsaði og hagaði sér þar sem vitað var að börn læra af félagslegu umhverfi sínu. Með námskrám og fyrirfram ákveðnum reglum er hægt að reyna að móta fyrirmyndar borgara sem falla inn í samfélagið og þar með viðhalda félagslegri reglu (Gray, 2013, bls. 52, 56–63).

Fram að 1830 fór menntun á Íslandi einna helst fram heima fyrir þar sem þeir eldri fræddu þá yngri. Árið 1880 var fræðsluskylda lögfest á Íslandi og voru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn lærðu að skrifa og lesa. Það var ekki fyrr en árið 1907 sem skólaskyldu var komið á með lögum (Loftur Guttormsson, 2008, bls. 46–48, 60, 83). Síðan þá hafa fræðslulögin verið margendurskoðuð og skólaskylda barna hefur lengst jafnt og þétt. Ásamt því hefur bæst við námskrá þar sem er getið um hvaða námsefni skal kenna og hvernig meta skal námsárangur nemenda (Loftur Guttormsson, 1992, bls. 215).

Tilgangur menntunar

Því má velja fyrir sér hver tilgangur menntunar sé, hvað flokkist undir að vera menntun og hvað ekki en eins og Dewey orðaði það: „grundvallaratriði málsins snúast ekki um nýja menntun andstætt gamaldags menntun og ekki um framsækið skólastarf gegn hefðbundinni menntun, heldur snúast þau um hvað til þess þarf að nokkuð yfirleitt eigi skilið að heita menntun“ (Dewey, 2000b, bls. 100).

Ballantine og Spade (2015, bls. 2) segja að skipta megi menntun í tvo flokka, annars vegar formlegt nám sem við lærum innan ákveðinna stofnana t.d. skóla, og hins vegar óformlegt nám sem við lærum af foreldrum og vinum. Oft er talað um að skólinn sé mikilvægur liður í að undirbúa nemendur fyrir „lífíð“ (sem oft er talið hefjast að skóla loknum) en með afskólun er í raun litið svo á að nám og kennsla takmarkast ekki við skólann og skólastofuna heldur fer nám fram hvar og hvenær sem er. Í raun er heimurinn allur kennslustofan og lífið sjálft námið. Með afskólun er verið að ýta undir það að nemendur fái tilfinningu fyrir því að öll ævin fer í það að læra (Romero, 2018, bls. 56–58; Sherman, 2017, bls. 77). Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 39) er svipaður vinkill tekinn á nám en þar stendur skýrt að „nám er ævilangt verkefni“. Markmið Aðalnámskrár eru skýr um að skólar eigi að veita einstaklingsmiðað

nám meðal annars byggt á sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 16). Þrátt fyrir að skólar vilji leggja aukna áherslu á þessa þætti þá virðast breytingar gerast hægt. Rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Evu Harðardóttur leiddi í ljós að fyrirlestrar, þjálfunaræfingar og endursagnir eru enn algengasta kennsluformið í skólum og lítið er um opnar og uppbyggjandi umræður. Það virðist sem viljinn sé fyrir hendi en kennurum reynist erfitt að nota lýðræðislegar umræður í bekkjarstarfi meðal annars vegna fjölda nemenda og reynsluleysis nemenda af því að notfæra sér lýðræðislegar umræður (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir, 2012, bls. 16).

Ýmsir fræðimenn hafa skrifað um skólakerfið á gagnrýninn hátt. Á meðal þeirra eru Francis og Mills (2012, bls. 251–254) en þeir segja í skrifum sínum að skólakerfið sé mannskemmandi stofnun fyrir bæði nemendur og kennara. Hin skaðlegu áhrif eru meðal annars félagslegt misrétti og stofnanavænt umhverfi sem þrífst á aga og refsingum. Þau skipta viðhorfi fólks til menntunar í tvo hópa: þá sem telja menntun upphefja nemendur með þekkingu í fararbroddi eða þá sem telja menntun vera kúgunartæki stofnana til þess að halda almennum borgurum í skefjum.

Í bókinni *Deschooling Society* lýsir heimspekingurinn Ivan Illich róttækum gagnrýnum hugmyndum sínum á skólakerfinu og hvernig það mótast einstaklinginn. Hann veltir því fyrir sér hvort hægt væri að hugsa sér samfélag án skóla en telur að stofnanabundin menntun sé ekki aðeins tilgangslaus heldur einnig hættuleg fyrir einstaklinginn og þróun þjóðfélagsins í heild. Hann lýsir skólum sem spillandi afli sem ýtir undir aukna neytendahyggju og stofnanavætt líferni þar sem fólk fer að trúá því að vandamál þess geti einungis verið leyst af ákveðnum stofnunum. Með þessum afleiðingum verður maðurinn ósjálfstæðari með tímanum og skortir sjálfstæða hugsun (Illich, 1970, bls. 4–5). Líkt og Gray (2013, bls. 43) telur Illich að skólinn sé kerfi sögulegra og félagslegra aðstæðna. Skólinn er stofnun sem sér um að mæla greind og veitir nemendum prófskírteini við lok skólagöngu. Skólinn stuðlar að mismunun og óréttlæti með því að móta einstaklinga inn í fyrirfram ákveðin form. Skólinn gerir ekki ráð fyrir fjölbreyttum hópi nemenda sem hugsa og hegða sér á mismunandi hátt (Sigrún Harðardóttir, 2014, bls. 78).

Heimspekingurinn John Dewey hefur einnig gagnrýnt skólakerfið í sínum skrifum en hann vildi betrubæta kerfið til muna. Hann sá að í skólum var lögð áhersla á aga og utanbókarnám en þarfir nemenda voru með öllu

hunsaðar. Dewey var einn af þeim sem taldi hægt að breyta heiminum til hins betra með menntun í fararbroddi en til þess þyrftu börn frelsi. Hlutverk foreldra og kennara er að vera til staðar og veita nemendum svigrúm til þess að læra af reynslu sinni og umhverfi. Dewey taldi mikilvægt að börn fengju að læra í gegnum athafnir og prófa sig áfram sjálf og menntun þyrfti að virkja bæði félagslega, líkamlega og andlega. Menntun er ferli þar sem þekking eykst smám saman þar sem ný reynsla byggir á og tengist fyrri reynslu og stuðlar þar með að jákvæðum þroska. Dewey var á þeirri skoðun að menntun væri ekki undirbúningur fyrir fullorðinslíf heldur væri nám hluti af lífinu sjálfu (Dewey, 2000b, bls. 28–30, 32, 35, 50–51). Þetta samræmist hugmyndum Rousseau sem taldi að hlutverk menntunar væri að veita börnum tækifæri til þess að þroskast og dafna á náttúrulegan hátt. Hann trúði því að börn væru í eðli sínu góð en félagslegar stofnanir hefðu slæm áhrif á þau og afskræmdu þau yfir í sína eigin mynd. Dewey og Rousseau vildu báðir með skrifum sínum þroska hæfileika og gáfur barna og búa þau undir samfélag sem þyrfti að vera öðruvísi og betra. Hlutverk kennara og foreldra væri að vera til staðar og veita nemendum svigrúm til þess að læra af reynslu sinni (Myhre, 2001, bls. 83–84, 87, 172).

Svo virðist að foreldrar, sem tileinka sér hugmyndafræði afskólunar, séu oft á tíðum á móti hinu hefðbundna skólakerfi. Í upphafi afskólunar fer oft góður tími í ákveðið ferli sem kallast *deschooling* þar sem lögð er áhersla á að „aflæra“ þau gildi og viðhorf sem nemendur og foreldrar hafa lært í hinu hefðbundna skólakerfi. Þetta felst meðal annars í þeirri viðhorfsbreytingu að nám eigi að vera fullkomlega frjálst en ekki skorðað með námskrám og kennsluáætlunum. Á meðan á þessu tímabili stendur virðast nemendur oft ekki hafa áhuga á námi þar sem þeir hafa verið fastir í því hugsunarferli að nám sé eitthvað sem þeir *þurfa* að gera en ekki eitthvað sem þeir *vilja* gera. Grunzke talar um að með tímanum sé það innri áhugahvöt nemenda sem leiðir til þess að börnin hefja nám að nýju, þá á sínum eigin forsendum (Grunzke, 2010, bls. 58).

Það erfiðasta við afskólun er í raun sú vinna sem þarf að fara fram innan frá og erfitt getur reynst að brjótast undan sínum eigin hugmyndum um hvað sé æskileg menntun. Í því felst oft að einstaklingar þurfa að aflæra það sem þeir telja sjálfa sig nú þegar vita. Oft er þetta á móti þeim menningarlegu viðmiðum, gildum og hefðum sem við höfum lært í því samfélagi við ölumst upp við, þ.e. að aflæra það sem við höfum lært af forfeðrum okkar, kennurum

og menningu og í staðinn byggja upp nýja hugsun og ný viðhorf þar sem lögð er áhersla á samkennd og samvinnu. Í staðinn fyrir að kenna börnum góðar dyggðir með ýmsum ströngum reglum og fyrirmælum er í staðinn lögð áhersla á að vera góð fyrirmynd og sýna í verki hvað telst æskilegt (Riley, 2016, bls. 11).

2.5 Eftirlit

Robin L. West er einn af þeim sem hefur lýst yfir áhyggjum sínum af aukinni heimakennslu síðustu áratugi. Hann bendir á að sums staðar þurfa foreldrar að fylgja fyrirfram ákveðinni námskrá en víðs vegar er lítið um eftirlit með heimakennslu og því hafa foreldrar frjálssar hendur til þess að kenna nemendum hvað sem er. Í Bandaríkjunum er til dæmis ekki nauðsynlegt að foreldrar hafi kennararéttindi til þess að vera með börnin sín í heimakennslu og veltir West því fyrir sér hvort foreldrar hafi þá hæfni sem þarf til að veita börnum sínum þá lágmarksmenntun sem æskileg sé til þess að þau geti talist framtíðarborgarar (West, 2009, bls. 7–8). Víðs vegar í Bandaríkjunum er gerð krafa um að foreldrar hafi sjálfir lokið námi á grunnskólastigi. Í skýrslu á vegum Eurydice (2018, bls. 3, 5, 7, 21) er farið yfir lagalegt umhverfi heimakennslu í 38 löndum innan Evrópu. Þar kemur fram að heimakennsla sé ólögleg í tveimur af þessum löndum og þrettán lönd leyfa aðeins heimkennslu ef um sérstakar aðstæður er að ræða. Í 28 ríkjum er heimakennsla leyfileg en mismunandi er eftir löndum hvað skólaskylda þýðir og mikill munur er á skilyrðum og eftirliti. Á Norðurlöndunum er heimakennsla leyfð í Danmörku, Noregi og Finnlandi og sækja foreldrar um leyfi til þess frá yfirvöldum. Foreldrar þurfa ekki að vera með kennsluréttindi en gerð er krafa um að kennsla sé sambærileg þeirri kennslu sem fer fram í skólum. Í Svíþjóð er heimakennsla aftur á móti aðeins leyfileg ef um sérstakar aðstæður er að ræða og er það stefna yfirvalda að takmarka heimakennslu eins mikið og mögulegt er.

Robert Kunzman bendir á að eftirlit sé fjarri því að vera einfalt ferli og í flestum tilfellum veita foreldrar því mótstöðu vegna þess að þeir telja menntun barnanna vera á sinni ábyrgð og hluti af foreldrahlutverkinu og þar með líta þeir á þátttöku ríkisins sem óþarfa afskiptasemi. Eftirlit getur einnig falist í kennsluáætlunum eða fyrirfram ákveðnum námskrám, sýnimöppum eða viðtölum þar sem matsaðili kemur og metur heimakennsluna. Samt sem áður virðist sem lítil eftirfylgni sé til staðar þrátt fyrir að eftirlit fari fram. Mesta

púðrinu er eytt í að sýna fram á hvað foreldrar ætla að kenna börnunum en ekki er athugað hvort því sé fylgt eftir (Kunzman, 2009, bls. 316–319).

West er á þeirri skoðun að líta ætti á eftirlit af hálfu ríkisins sem kost og mikilvægt tól og verkfæri fyrir foreldra til þess að sjá hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Lögboðin próf myndu gefa ríkinu og foreldrum merki um hvort nemendur væru að ná þeim markmiðum sem hentar þeirra aldri. Með heimsóknum myndu foreldrar fá tækifæri til þess að taka á móti leiðbeinandi aðstoð og ríkið fengi tækifæri til þess að skyggast inn í fjölskylduaðstæður og sjá hvort eitthvað varhugavert er á seyði (West, 2009, bls. 11–12). Kunzman er á þeirri skoðun að ekki sé hægt að gera kröfu um að nemendur í heimakennslu taki sömu próf og nemendur í hefðbundnum skólum. Í staðinn ætti að leggja áherslu á próf eða kannanir sem meta grunnfærni barna til þess að hægt sé að aðstoða þau sem þurfa á hjálp að halda. Mikið af því efni sem er kennt og prófað er úr í skólum getur ekki talist sem grunnfærni heldur þurfa nemendur oft að leggja á minnið ákveðið efni sem í raun væri nóg að kynna. Í staðinn ætti að vera nóg að kynna efnið fyrir nemendum og ganga úr skugga um að þeir geti sjálfir fundið sér frekari upplýsingar um efnið (Kunzman, 2009, bls. 312, 323). Reich og Kunzman taka undir þær hugmyndir West um að heimakennsla sé að mörgu leyti góður kostur þegar eftirlit er nógu gott (Reich, 2002, bls. 59; Kunzman, 2009, bls. 325–326).

West bendir á að í flestum tilfellum þegar upp kemst um ofbeldi eða einhvers konar vanrækslu á heimilum er það tilkynnt í gegnum kennara eða skólafyrirvöld. Friðhelgi einkalífsins og sú einangrun sem fylgir heimakennslu án neins eftirlits getur þar með spornað gegn því að upp komist um þau tilvik og því minni líkur að hægt sé að grípa inn í þegar á þarf að halda (West, 2009, bls. 9). Að mati Kunzman er tilgangur eftirlits og reglugerða að ganga úr skugga um að ekki sé verið að brjóta gegn barninu en á sama tíma ætti það ekki að koma niður á frelsi þeirra sem eru að sinna heimakennslu vel. Hann segir „að lokum getur hvorki vernd né frelsi verið alger“² (Kunzman, 2009, bls. 318).

Reich hefur áhyggjur af því þegar foreldrar virðast eins og sía á börnin. Þar á hann við að foreldrar geta lagað menntun barna sinna það mikið að eigin þörfum að börnin fá ekki að kynnast mismunandi sjónarhornum. Í lýðræðislegu samfélagi er mikilvægt að læra að virða lífsskoðanir annarra og þar skipa skólar oft veigamikinn sess í nútímasamfélagi (Reich, 2002, bls. 58–59). Þetta samsvarar hugmyndum West sem segir að börn í heimakennslu eigi á hættu að

² In the end, neither the protection nor the freedom can be absolute

kynnast aðeins þeim raunveruleika sem foreldrar kjósa að kynna fyrir þeim og fá þar með ekki að kynnast þeim fjölbreytileika sem nútímasamfélag hefur upp á að bjóða, þar með talið fjölbreyttum hugmyndum, lífsskoðunum og menningarheimum. Þetta getur falist í því að foreldrar afneita þeim hugmyndum sem skólinn kennir en í augum foreldra eru þeir að vernda eða hlífa börnum sínum fyrir neikvæðum utanaðkomandi áhrifavöldum (West, 2009, bls. 10). Þrátt fyrir að krafist sé í námskrá að foreldrar eigi að fylgja ákveðnum stöðlum og eigi að kynna fyrir nemendum fjölmennningarlegt samfélag þar sem allir eiga að geta virt skoðanir og gjörðir annarra er ekki hægt að gera ráð fyrir að hver og ein fjölskylda komist að sameiginlegri niðurstöðu. Til dæmis geta foreldrar afneitað þróunarkenningu Darwins en á sama tíma geta þeir sýnt fram á að efnið hafi verið kynnt eins og farið er fram á í námskrá (Kunzman, 2009, bls. 323). Engu að síður er West á þeirri skoðun að heimakennsla geti verið góður kostur og í mörgum tilfellum er börnum kennt best af þeim sem þekkja þau best. Kunzman tekur undir þetta og segir að í heimakennslu fái foreldrar tækifæri til þess að veita börnum sínum einstaklingsmiðað nám (Kunzman, 2009, bls. 316). Nauðsynlegt er að horfa á heimakennslu sem vænlegan kost, sérstaklega ef það dregur úr líkum á einelti og áhættuhegðun og í staðinn er lögð áhersla á menntun barnsins (Merry og Karsten, 2010, bls. 506). Foreldrar geta á margvíslegan hátt mótað reynslu og líf barna sinna eins og þeir telja æskilegt. Foreldrar geta ákveðið að horfa á menntun sem heildræna upplifun á meðan skólar og skólakerfið þurfa að sætta sig við hömlur og þvinganir þar sem staðlar, skyldupróf og námskrár ráða yfir skólasterfinu (Kunzman, 2009, bls. 316).

2.6 Lög og reglugerðir á Íslandi um heimakennslu

Samkvæmt 26. grein í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir að „foreldrar skulu öðrum fremur ráða hverrar menntunar börn þeirra skuli njóta“ (Utánríkisráðuneytið, 2008, bls. 14). Mannréttindasáttmáli Evrópu er innleiddur í íslensk lög og segir til um að hið opinbera skuli virða rétt foreldra og að menntun og fræðsla barna sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir foreldra þeirra (lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994). Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi á að

virða frelsi foreldra til þess að tryggja trúarlegt og siðferðislegt uppeldi barna sinna í samræmi við þeirra eigin sannfæringu.

Einnig kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 70–71) að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi barna sinna og að skólinn eigi að aðstoða foreldra í því hlutverki ásamt því að veita börnum menntunartækifæri.

Samkvæmt 3. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008) geta foreldrar sótt um undanþágu barns frá skólaskyldu og fengið tímabundna heimild til þess að annast sjálf kennslu þess, annað hvort að fullu eða hluta. Í sömu reglugerð kemur fram að sækja þarf um þessa undanþágu frá sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem barnið hefur lögheimili. Í 6. gr. í reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi (nr. 531/2009) segir að heimakennsla eigi að „byggjast á lögum um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla“. Sá sem ætlar að annast kennsluna þarf einnig að hafa leyfi frá menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari. Til þessa þarf sá aðili að hafa lokið meistaraprófi frá háskóla á fræðasviði sem viðurkennt er til kennslu á grunnskólastigi eða öðru jafngildu meistaraprófi sem ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi.

Nemendur í heimakennslu eru undanþegnir skólaskyldu en skólinn og sveitarfélagið eru samt sem áður skyldug til að sjá um eftirlit og reglulegt mat á námsárangri nemenda og nemendur skulu þreyta könnunarpróf (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 72–73). Skólar og sveitarfélög hafa svigrúm og sjálfstæði til þess að skipuleggja nám í samræmi við þarfir hvers og eins nemanda og er meginstefnan sú að allir nemendur eigi að hafa kost á að stunda nám í sínum heimaskóla, án aðgreiningar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 33).

Árið 2003 var gerð tilraun á Íslandi þar sem tveimur fjölskyldum var veitt leyfi til að kenna börnum sínum heima. Menntamálaráðuneytið gaf út skýrslu með úttekt á heimakennslunni. Fjölskyldurnar tvær höfðu mismunandi nálganir þar sem önnur fjölskyldan fylgdi nákvæmlega eftir námsefni skólans í sveitarfélaginu á meðan að hjá hinni fjölskyldunni rann námið saman við hið daglega fjölskyldulíf. Sú seinni lagði áherslu á að áhugi barnanna væri notaður sem hvati að náminu. Úttektaraðili á vegum menntamálaráðuneytisins taldi að báðar útfærslur á heimaskólun væru valkostur í skólastarfi sem vert væri að útfæra nánar (Eiríksína K. Ásgrímsdóttir, 2006, bls. 3–4, 24–26). Síðan ítarlegri reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi var sett árið 2009 hefur

ekki verið mikill áhugi hjá foreldrum að nýta sér heimakennslu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 73).

2.7 Aðalnámskrá grunnskóla og námsmat

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á grunnþáttunum sex sem fléttast inn í starf skólanna. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Hlutverk skóla er að aðstoða nemendur við að þroska hæfni í anda grunnþáttanna og þar með búa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum og stuðlar að alhliða þroska nemandans, meðal annars hæfni til tjáningar og miðlunar, sköpunar, gagnrýnninnar hugsunar, sjálfstæðis og samvinnu og ábyrgðar og mati á eigin námi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 16, 86).

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er markmið grunnskóla meðal annars að veita nemendum tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn ásamt því að afla sér þekkingar og leikni. Skólastarfið á að efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda og einnig efla samstarfshæfileika þeirra. Á þann hátt á grunnskólinn að stuðla að tryggu farsælu skólastarfi með góðu samstarfi heimilis og skóla þar sem lögð er áhersla á almenna velferð og öryggi nemenda. Börn eiga að fá að njóta bernsku sinnar og er það hlutverk grunnskóla að styðja við það með því að skapa skilyrði fyrir nemendur og efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra ásamt því að rækta skilning þeirra á manngildi. Skólastarf er þar með liður í að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda sem gagnast þeim ekki aðeins í skólanum heldur í lífinu sjálfu. Viðmið í lykilhæfni í öllu námi leggja grunninn að alhliða þroska nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 32, 86–87).

Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á sjálfbærni og að nemendur fái tækifæri til að velja sér sínar eigin námsaðferðir óháð því hver aldur nemenda er. Einnig eiga nemendur að fá að velja sín eigin viðfangsefni í einstökum námsgreinum og námssviðum en þau þurfa samt sem áður að vera innan þeirra marka sem Aðalnámskrá segir til um. Á þann hátt læra nemendur að bera ábyrgð á sínu eigin námi og hafi samábyrgð með öðrum í samfélaginu öllu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 68–69).

Matsaðferðir í skólum þurfa að vera fjölbreyttar því markmið skólastarfs eru fjölbreytt og geta kennarar kosið leiðir af ýmsu tagi til að ná þeim. Öll

verkefni skulu vera metin, hvort sem þau eru verkleg, skrifleg, munnleg eða einungis dýpri athuganir (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls. 27, 79).

Námsárangur og framhaldsmenntun

Vert er að velta því fyrir sér hvernig afskólaðir einstaklingar geti seinna meir farið í frekara nám á framhalds- eða háskólastigi, sérstaklega ef þeir geta ekki sýnt fram á námsmat og námsferil sem fylgir fyrirfram ákveðnum stöðlum skólakerfisins.

Ýmsar rannsóknir hafa gefið til kynna að nemendum sem hafa verið í heimakennslu gengur alla jafna vel þegar kemur að menntun á hærra stigi. Þessar rannsóknir hafa samt sem áður ekki athugað hvernig afskólurum gengur (Cogan og Sureau, 2007, bls. 128; Galloway, 1995, bls. 20–21).

Í rannsókn Gray og Riley frá árinu 2015 var afskólun frá sjónarhorni nemenda skoðuð og reynt að fá innsýn í þeirra reynslu af afskólun. Rannsakendur vildu fá að vita hvort og þá hvernig þátttakendur kæmst inn í frekara nám á háskólastigi og hvernig þeim gengi að komast út á vinnumarkaðinn. Í þessari rannsókn voru allir þátttakendur eldri en 18 ára og áttu það sameiginlegt að hafa verið afskólaðir að minnsta kosti síðustu tvö árin í menntaskóla (e. high school). Mikilvægt er að hafa í huga að rannsóknin veitir aðeins þeim sem reyndu afskólun tækifæri til þess að segja frá sinni reynslu af afskólun en ekki þeim sem gáfust upp og leituðu aftur í hefðbundna heimakennslu eða skóla síðustu tvö árin í gagnfræðaskóla (Gray og Riley, 2015a bls. 8, 13–14).

Af 75 þátttakendum höfðu 83% lokið frekara námi eftir grunnskóla. Almennt sögðust þátttakendur ekki hafa átt erfitt með að komast inn í frekara nám. Til þess að komast inn í háskóla höfðu sumir lokið áföngum í fjarnámi, tekið samræmd próf eða nauðsynleg inntökupróf. Fyrir aðra nemendur var nóg að fara í viðtal og/eða skila kynningarmöppu (e. portfolio). Þeir þátttakendur sem höfðu verið afskólaðir alla sína formlegu skólagöngu voru líklegri til að hefja háskólanám en þeir sem höfðu á einhverjum tímabili gengið í skóla eða höfðu fengið skipulagða heimakennslu (það er þar sem notast er við einhvers konar námskrá eða námsskipulag) (Gray og Riley, 2015b, bls. 33 og 47).

Rannsóknir á nemendum í Sudbury Valley skólanum í Bandaríkjunum (þar sem nemendur stýra námi sínu sjálfir) hafa sýnt fram á svipaðar niðurstöður.

Nemendur sögðust standa í þeirri trú að tækifæri þeirra til þess að bera ábyrgð á sínu eigin námi hefði langvarandi jákvæð áhrif á menntun þeirra þar sem þeir höfðu gaman af því að læra og héldu áfram að taka ábyrgð á sínu eigin lífi (Gray og Chanoff, 1986, bls. 182; Gray og Riley, 2015b, bls. 34–35). Mikilvægt er að hafa í huga að þátttakendur í þessari rannsókn eru sjálfvaldir og því ekki hægt að álykta að allir afskólarar búi yfir sömu reynslu og þeir sem tóku þátt. Engu að síður geta þessi dæmi veitt okkur góða innsýn í líf þátttakenda (Gray og Riley, 2015b, bls. 47).

3. Aðferðafræði

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeirri aðferð sem rannsóknin byggist á og hvernig framkvæmd og gagnaöflun rannsóknarinnar fór fram. Því næst verður gerð grein fyrir þátttakendum og hvernig þeir voru valdir. Einnig verður stuttlega rætt um réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar ásamt siðferðilegum álitamálum. Að lokum verður gerð grein fyrir hvernig úrvinnslu gagna var háttáð.

3.1 Rannsóknaraðferð

Rannsóknir eru kerfisbundið ferli þar sem safnað er saman ákveðnum gögnum og þau greind með því markmiði að rannsóknin auki þekkingu á ákveðnu viðfangsefni (Creswell, 2012, bls. 2–3). Þessi rannsókn telst vera eigindlegt rannsóknarsnið þar sem leitast er við að skilja og lýsa tilteknum mannlegum fyrirbærum og hvers eðlis þau eru á heildrænan hátt. Í eigindlegum rannsóknum er reynt að ná heildarmynd af viðfangsefninu og lögð er áhersla á hið persónulega (Sigríður Halldórsdóttir, 2013b, bls. 239; Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 230). Þessi rannsókn flokkast undir fyrirbærafræði (e. phenomenology) þar sem stuðst verður við sjö djúp viðtöl. Reynsla fólks er rannsökuð með opnum huga og reynt að leggja til hliðar fyrirfram gerðar hugmyndir um efnið. Þessi aðferð hefur einnig verið kölluð *túlkandi fyrirbærafræði* þar sem ekki er hægt að lýsa fyrirbærum án túlkunar rannsakandans en markmiðið er ávallt að rannsaka fyrirbærið frá sjónarhorni þeirra sem hafa tiltekna reynslu (Sigríður Halldórsdóttir, 2013b, bls. 245–246, 281).

Eins og fram hefur komið er tilgangur rannsóknarinnar að skoða afskólun frá sjónarhorni foreldra. Markmið rannsóknarinnar var að fá að kynnast sjónarmiðum foreldra sem skilgreina sig sem afskólara og kanna viðhorf þeirra til menntunar og af hverju þeir velja þessa leið þegar kemur að menntun barna þeirra.

3.2 Þátttakendur

Þátttakendur þessarar tegundar rannsóknar eru fáir og markmiðið aldrei að alhæfa heldur að auka þekkingu á fyrirbærinu með djúpum skilning (Sigríður Halldórsdóttir, 2013a, bls. 281; Sigríður Halldórsdóttir, 2013b, bls. 245–246). Notast var við tilgangsrúttak (e. purposive sampling) við val á þátttakendum. Þar með var reynt að finna þátttakendur sem hafa dæmigerða reynslu af rannsóknarefninu og henta markmiði rannsóknarinnar þar með best (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 129–130). Rannsakandi hafði samband við fjórar fjölskyldur sem hann hafði kynnst á samfélagsmiðlum í gegnum sameiginlegan áhuga á afskólun. Þess má geta að rannsakandi tengdist þessum fjölskyldum ekki nánnum böndum heldur voru þeir aðeins kunningjar. Eitt foreldri úr hverri fjölskyldu bauðst til að taka þátt í rannsókninni. Einnig óskaði rannsakandi eftir þátttakendum inni á lokuðum facebook hóp fyrir foreldra á Íslandi sem hafa áhuga á heimakennslu. Innan þess hóps taldi rannsakandi að líkur væru á að finna foreldra sem hefðu áhuga á afskólun. Greint var frá viðfangsefni rannsóknarinnar og óskað eftir þátttöku foreldra sem afskóla börnin sín eða myndu vilja afskóla börnin sín í framtíðinni. Í gegnum facebook hópinn voru tvö pör sem vildu taka þátt. Einnig voru viðmælendur beðnir um að benda á aðra foreldra sem gætu fallið inn í rannsóknina. Vonast var til það þetta myndi hafa „snjóboltaáhrif“ sem gæti gert rannsakanda kleift að nálgast fleiri viðmælendur. Þar sem um jaðarhóp í samfélaginu er að ræða, sem virðist ekki vera hávær, var þetta talin ein af fáum færum leiðum til þess að nálgast þennan hóp fólks. Eitt þar bættist við rannsóknina með þessum hætti en þátttakendur sögðust þekkja til fárra í sömu hugleiðingum og áttu erfitt með að benda á fleiri þátttakendur.

Misjafnt er hversu margir einstaklingar taka þátt í eigindlegum viðtalsrannsóknum en æskilegur fjöldi er talinn vera á milli fimm og fimmtán manns (Sigríður Halldórsdóttir, 2013a, bls. 284). Í þessari rannsókn var ágætri metnun náð en alls voru tekin sjö viðtöl við samtals tíu einstaklinga, þar af voru sex feður og fjórar mæður. Vonast var til að hafa jöfn kynjahlutföll í viðmælendahópnum en vegna þess að viðfangsefnið var fremur þröngt og erfitt að finna þátttakendur, þá var ekki gerð krafa um slíkt. Líklegt er að viðtölin sem voru tekin við báða foreldra séu öðruvísi en þegar einungis var talað við annað foreldrið. Í þremur viðtölum var tekið viðtal við báða foreldra í einu en hin viðtölin voru einstaklingsviðtöl. Þrjú viðmælendur bjuggu erlendis og í

þremur tilvikum var maki af erlendu bergi brotinn. Eitt viðtalið fór fram á dönsku og tvö á ensku en öll viðtölin voru þýdd áður en greining gagna fór fram.

Vegna þess hversu erfitt reyndist að finna viðmælendur var ekki gerð krafa um aldur barnanna og þar með var gert ráð fyrir að viðmælendur hefðu mismikla reynslu af því að eiga börn á skólaaldri. Viðmælendur voru á aldrinum 26–35 ára og áttu börn á aldrinum 1–5 ára. Í ljósi þess má sjá að ekkert af þessum foreldrum hefur reynslu af því að eiga barn á skólaaldri. Engu að síður skilgreina foreldrarnir sem tóku þátt sig sem afskólara og samkvæmt hugmyndum um afskólun finnst ekki ákveðinn skólaaldur heldur er lífið allt nám.

Til þess að minnka rekjanleika fengu allir viðmælendur ný nöfn sem valin voru að handahófi úr íslenskri goðafræði.

Tafla 1 Þátttakendur í rannsókninni

Viðtöl	Viðmælendur
1.1	Freyja
1.2	Freyr
2	Bára
3.1	Sif
3.2	Bragi
4	Óðinn
5	Loki
6	Þór
7.1	Iðunn
7.2	Baldur

3.3 Framkvæmd og gagnaöflun

Viðtöl í eigindlegum rannsóknum eru félagsleg athöfn sem endurspeglar fjölbreytt og flókið samspil hugsana, hegðunar, skynjunar og tilfinninga. Rannsakandi valdi að taka hálf opin viðtöl við viðmælendur vegna þess að hann taldi það gera sér kleift að ná dýpt í umfjöllunarefnið. Leitast var við að

skilja reynslu þátttakenda frá þeirra sjónarhorni en sá skilningur þróast síðan í sameiginlegan skilning á milli rannsakanda og viðmælenda. Þetta gerir rannsakanda kleift að sjá afskólun frá ólíkum sjónarhornum og gefur honum tækifæri til að ná fram margvíslegum blæbrigðum á efninu (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 137–138 og 143).

Viðtölin voru 55-142 mínútna löng og voru tekin í lok desember árið 2019 og janúar og febrúar árið 2020. Öll viðtölin fóru fram á samskiptaforritinu Skype og gátu viðmælendur og rannsakandi séð hvert annað í gegnum myndavél forritsins. Einnig hafði rannsakandi blað og skriffæri við hendina til þess að geta skrifað niður athugasemdir, vangaveltur eða frekari spurningar meðan á viðtalinu stóð (Creswell, 2012, bls. 230). Viðtölin voru tekin upp á tölvu og reynt að afrita samdægurs eða daginn eftir. Eftir að viðtölin voru afrituð var þeim eytt í kjölfarið.

Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sem var hannaður út frá rannsóknarspurningum og markmiðum rannsóknarinnar ásamt fyrri rannsóknum og skrifum á þessu efni (fylgiskjal 1). Til þess að brjóta ísinn og opna viðtalið var byrjað á upphafsspurningunni *Hvernig kynntist þú afskólun?* Í viðtölunum var ýmist notað íslenska orðið *afskólun* eða enska orðið *unschooling*. Allt eftir því hvort virtist þjálfa eða kunnuglegra fyrir viðmælendur. Lögð var áhersla á að spyrja viðmælendur út í þeirra reynslu, skilning og skoðun á afskólun og þeir beðnir um að lýsa fyrirbærinu og síðan reynt að laða fram umræðu út frá því. Viðmælendur voru meðal annars spurðir út í þeirra eigin reynslu af skólakerfinu og þá hvort og hvernig sú reynsla hefur haft áhrif á áhuga þeirra á afskólun. Einnig voru viðmælendur spurðir hvað þeir teldu vera kosti og galla afskólunar, hvernig afskólun gæti haft áhrif á þroska og framtíð barnanna og hvert þeir teldu hlutverk foreldra vera þegar kemur að afskólun. Mikilvægt er að rannsakandi gæti þess að hafa skoðanir sínar út af fyrir sig og vera tilbúinn til að halda samtalinu á réttum nótum og séð var til þess að viðmælendur svöruðu öllum spurningunum (Creswell, 2012, bls. 230). Í viðtölunum var dvalið mislengi við spurningar og mismunandi hversu djúpt viðmælendur fóru í ákveðið efni en rannsakandi gætti þess að trufla aldrei frásögnina en sá á sama tíma til þess að viðtalið héldist innan ramma rannsóknarinnar.

3.4 Réttmæti og áreiðanleiki

Í eigindlegum rannsóknum þarf rannsakandi að forðast hlutdrægni og þarf að vera meðvitaður um eigin viðhorf og ef til vill fyrirfram gefnar hugmyndir um efnið. Ef þetta er ekki gert er hætt á að rannsakandi geti óvart haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar og þar með er ekki hægt að treysta á þær (Braun og Clarke, 2013, bls. 36; Sigríður Halldórsdóttir, 2013b, bls. 239). Eigin skoðanir rannsakanda byggja á gagnaöflun fyrir rannsóknina og þeirri þekkingu sem rannsakandi hefur aflað í meistaranámi í kennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Einnig byggjast skoðanir rannsakanda á eigin upplifun og reynslu sem nemandi. Rannsakandi hefur einnig reynslu sem foreldri en það getur veitt innsýn í viðfangsefnið. Samt sem áður er mikilvægt að láta þær skoðanir hafa sem minnst áhrif á rannsóknina sjálfa.

Í eigindlegum rannsóknum þarf rannsakandi að gera sér grein fyrir að í viðtölum geta mótsagnir komið fram og viðmælendur geta breytt frásögn sinni hvenær sem er. Þetta þarf ekki endilega að vera veikleiki en gott að taka fram í úrvinnslu. Einnig getur orðræða og ríkjandi viðhorf í samfélaginu haft áhrif á hvernig viðmælendur hegða sér og sumir átt það til að draga upp „skakka mynd“ af sjálfum sér til þess að þóknast rannsakanda eða til að geta fallið inn í ákveðna staðalímynd sem þeim finnst þeir þurfa að gera (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 144–145). Þar sem rannsakandi fann nokkra af viðmælendum rannsóknarinnar í gegnum sameiginlegan áhuga á afskólun gæti það haft þau áhrif að viðmælendum hafi fundist rannsakandi vera „einn af þeim“ og hætta á að svör viðmælenda hafi verið að reyna að samræmast hugmyndum rannsakanda.

Vegna þess hversu fáir eru í rannsókninni ógnar það trúverðugleika rannsóknarinnar. Aðeins eitt viðtal var tekið við hvern viðmælenda en oft er hægt að ná fram nýrri og fyllri upplýsingum í hverju viðtali. Til þess að koma í veg fyrir misskilning reyndi rannsakandi að endurtaka með sínum eigin orðum hvað hann taldi að viðmælendi átti við og tilfinningar hans tengdum efninu. Fengu þá viðmælendur tækifæri til þess að samþykkja þá túlkun rannsakanda eða útskýrðu mál sitt enn frekar (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 133, 144–145).

3.5 Siðferðileg álitamál

Í eiginlegum rannsóknum er oft ekki hægt að finna eitt rétt svar og því hægt að túlka gögnin á margvíslegan hátt. Þetta gerir það að verkum að rannsakandi þarf að gera sér grein fyrir að á efninu eru skiptar skoðanir, sem einnig hefur þýðingargildi á niðurstöður rannsóknarinnar. Greining á eiginlegum gögnum segir okkur ákveðið sjónarhorn eða sögu af mörgum mögulegum, allt eftir því hvernig gögnin eru túlkuð (Braun og Clarke, 2013, bls. 20).

Allar rannsóknir þurfa að uppfylla siðferðilegar kröfur og eitt af grundvallaratriðum í öllum rannsóknum er að trúnaði við þátttakanda sé alltaf fylgt. Einkalíf og réttindi þátttakanda skal virða og mikilvægt að þeir taki þátt af fúsum og frjálsum vilja (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 134–135). Þar sem allir þátttakendur voru fullorðnir einstaklingar var ekki þörf á að sækja um leyfi frá Persónuvernd. Allir þátttakendur voru beðnir um að skrifa undir upplýsinga- og samþykkisbréf (fylgiskjal 2) en í því var gerð grein fyrir markmiði og tilgangi rannsóknarinnar, sagt frá í hverju þátttaka felst og hvernig farið yrði með persónulegar upplýsingar í rannsókninni. Lögð var áhersla á að þátttakandinn vissi að hann hefði fullt frelsi til að hafna þátttöku eða hætta þátttöku hvenær sem er (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 73, 84–85).

Þegar notast er við viðtöl i eiginlegum rannsóknum er mikilvægt að rannsakandi beri virðingu fyrir viðmælendum sínum. Rannsakandi reyndi eftir bestu getu að beita einlægni og reyna að sýna að hann væri traustsins verður (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 144–145). Rannsakandi leitaðist við að hafa jákvætt andrúmsloft í viðtölunum og lagði áherslu á að viðmælendur fengu að tjá sig frjálst. Samt sem áður gætti rannsakandi þess að ef til vill gætu spurningar haft neikvæð áhrif á líðan viðmælenda og því mikilvægt að engar upplýsingar um þátttakendur væru persónugreinanlegar (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 81–82). Til þess að komast hjá því að upplýsingar væru persónugreinanlegar voru þau viðtöl sem fóru fram að fullu eða að hluta á ensku eða dönsku, þýdd yfir á íslensku. Einnig fengu allir þátttakendur gervinöfn.

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skal ábyrgðaraðili eyða persónuupplýsingum þegar ekki telst lengur málefnaleg ástæða til þess að varðveita þær. Á meðan á rannsókninni stóð hafði enginn annar en rannsakandi sjálfur aðgengi að gögnum og eftir úrvinnslu var öllum gögnum eytt.

3.6 Greining gagna

Eins og fram hefur komið var reynt að afrita viðtöl rannsóknarinnar orðrétt samdægurs eða eins fljótt og auðið var (Creswell, 2012, bls. 239). Rannsakandi gat notfært sér að upptökurnar voru einnig myndbandsupptökur og því auðvelt að rýna enn frekar í látbragð og tilfinningar viðmælenda. Á meðan rannsakandi afritaði viðtölin gafst tækifæri til þess að ígrunda viðtölin og skrifa niður áhugaverðar hugleiðingar sem gætu gagnast síðar við greiningu gagna.

Við úrvinnslu á viðtölum var notast við þemagreiningu en með þemagreiningu er reynt að greina ákveðin þemu í viðtölum rannsóknarinnar. Rannsakandi las vandlega yfir viðtölin, línu fyrir línu, og í gegnum ferlið voru rannsóknarspurningarnar ávallt hafðar til hliðsjónar og leitast við að greina mynstur og flokka þau niður í ákveðin þemu. Braun og Clarke (2006, bls. 79, 86) skipta þessu ferli niður í sex í stig og reynt var að fylgja þeim viðmiðum í þessari rannsókn. Fyrsta stig felur í sér umskráningu gagna og yfirllestur þar sem rannsakandi skráir sínar fyrstu grunnhugmyndir niður. Á öðru stigi leitast rannsakandi við að greina mynstur í gögnum sínum og á þriðja stigi er þeim safnað saman í þau þemu sem hann telur sig ætla að nota í ritgerðinni. Á fjórða stigi athugar rannsakandi hvort þau þemu samsvari þeim mynstrum sem koma fram í gögnum og veltir fyrir sér hver undirþemu hvers þema geta verið. Þegar komið er að fimmta stigi setur rannsakandi fram nákvæma lýsingu á hverju þema fyrir sig. Á sjötta og síðasta stigi er lokið við að velja þemu verkefnisins og byrjað að skrifa greinagerð um rannsóknina og niðurstöður.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verða dregnar fram niðurstöður rannsóknarinnar sem byggjast á orðum þátttakenda. Með tilliti til meginrannsóknarspurninganna þriggja hafa niðurstöðurnar verið flokkaðar niður í kafla sem byggðir eru á fjórum yfirþemum. Yfirþemun stýra kaflaheitunum en undirþemum er skipt niður eftir áherslum. Fyrsta þemað fjallar um hugtakið afskólun og þann skilning sem foreldrar leggja í hugtakið. Annað þemað fjallar um hugmyndir foreldra um hvert hlutverk þeirra er þegar kemur að afskólun. Þriðja þemað er um viðhorf foreldra til skóla og reifað verður hvernig reynsla þeirra af skólakerfinu hefur ef til vill haft áhrif á val þeirra til að afskóla börnin sín. Fjórða þemað fjallar um hvort og þá hvernig afskólun er raunhæf í nútímasamfélagi og greinir meðal annars frá þeim áskorunum sem afskólun hefur í för með sér.

4.1 Hvað er afskólun?

Áhugahvöt

Að sögn foreldra er áhugahvöt eins og rauður þráður í því hvernig afskólun er háttað. Allir foreldrar skilgreindu hugtakið afskólun á svipaðan hátt og sögðu að í grundvallaratriðum væri afskólun byggð á áhugahvöt barna, þ.e. að áhugahvötin er það sem stýrir því hvað barnið lærir. Nám þar sem börn fá að „elta á sér nefið“ eins og Óðinn komst að orði. Fyrir foreldra felst afskólun í „að leyfa barninu að stýra hvernig það lærir, halda í þetta innbyggða lærdómsfýsi. Að reyna að leyfa þeim að hafa áhuga á að læra það sem þau vilja læra“ eins og Freyja orðaði það.

Í sambandi við þetta nefndu foreldrar einnig að með afskólun færi námið fram á náttúrulegan hátt. Eins og Sif komst að orði:

Fyrir mér snýst þetta um að [...] leyfa náttúrulegu leið barnsins að eiga sér stað. Barnið, á náttúrulegan hátt, velur hvað það vill læra í lífinu. Kannski að leyfa því að velja hvað það hefur áhuga á. Velja hvað það vill gera síðar meir og velja sjálft eins mikið og hægt er, með stuðningi frá foreldrum.

Bára tók svipaðan vinkil á afskólun og útskýrði: „Ég segi oft að þetta sé óskólun, barn sem sækir ekki skóla og lærir á náttúrulegan hátt. Náttúrulegt

nám eða sjálfmiðað nám. Þegar barn fær að læra á sínum hraða og sækja sína þekkingu sjálf.“

Fram kom í máli Sifjar, og hjá fleiri foreldrum, mikilvægi þess að þrýsta ekki á börn til þess að læra. Pressa getur að þeirra mati haft neikvæð áhrif á nám og áhugahvöt þeirra. Sif fær aftur orðið:

það hefur verið sýnt fram á að börn læra best þegar þau vilja læra eitthvað. Ef þau eru neydd til þess, fer það miklu hægar inn og festist ekki í minni heldur gleymist. Ef [barnið] virkilega vill læra eitthvað getur það gert það mjög hratt.

Að mati foreldra fylgir afskólun einnig mikil ábyrgð og sjálfræði hjá börnunum sjálfum en mikilvægt er að „börnin fái þessa ábyrgðartilfinningu yfir eigin stefnu og eigin námi. [...] Að þau hafi eitthvað að segja um það sem þau eru að gera á daginn og hvað þau eru að læra,“ sagði Óðinn.

Í nokkrum viðtölum sköpuðust umræður um hvernig foreldrar myndu bregðast við ef barnið hefði ekki áhuga á að læra eitthvað ákveðið sem foreldrar teldu mikilvægt að það kynni. Foreldrar sögðust ekki hafa miklar áhyggjur af þessu og töldu ólíklegt að svoleiðis atvik kæmu upp og yrðu vandamál. Í þeim tilvikum væri það hlutverk foreldra að treysta barninu og ef til vill finna aðrar leiðir. Freyja og Freyr tóku sem dæmi ef barnið hefði lítinn áhuga á stærðfræði en á sama tíma mikinn áhuga á sundi. Ein leiðin væri að reyna að flétta þessar tvær námsgreinar saman. Freyja sagði: „... myndi maður ekki reyna að tvinna [stærðfræði] saman við eitthvað annað sem það hefur áhuga [á]. T.d. ef við værum í sundi þá væri það að telja hringina og kasta þeim ofan í vatnið. Leggja saman tvo og tvo.“

Allir foreldrar voru spurðir hvernig þeir teldu að þeir brygðust við ef barnið þeirra bæði um að fá að fara í hefðbundinn skóla í framtíðinni. Allir foreldrar svöruðu að þeir myndu leyfa börnum sínum að prófa að fara í skóla ef þau sýndu því áhuga og bæðu um það að eigin frumkvæði. Óðinn sagði að það væri ekki hans að ákveða hvort barnið mætti eða mætti ekki fara í skóla:

Ég myndi algjörlega styðja það. Þetta snýst um að leyfa barninu að elta það sem því langar til að gera. Ég væri bara mjög opinn fyrir því ef það væri vilji barnsins. Algjörlega. Við skráum þig bara í skóla ef þú vilt prófa það.

Óðinn bætti við að þá hefði barnið að minnsta kosti einhvern samiburð. Nokkrir foreldrar sögðu að þeir myndu samt sem áður ganga úr skugga um að

börnin væru að taka meðvitaða ákvörðun. Ákvörðun sem væri tekin að þeirra eigin frumkvæði en ekki vegna hópþrýstings eða annarra hvata. Freyja lýsti þessu á eftirfarandi hátt:

Við myndum bara leyfa þeim að fara og reyna að dýpka það aðeins af hverju það væri, og hvað það væri sem þau söknuðu, og hvort við gætum einhvern veginn fundið einhverja leið og ef ekki. [...] Það er ekki eins og þetta sé einn eða núll að það sé *unschooling for life* eða ekki. Maður bara metur aðstæður og ef barnið er ekki að þrífast [...] þá verður maður bara að hugsa eitthvað *radicalt* og breyta til.

Freyr bætti við og sagði: „... ég myndi leyfa þeim að stýra því [...]. Það er eiginlega stóri lærdómurinn í þessu *unschooling* dæmi, er að þau fái ábyrgðartilfinninguna að þau hafi stjórn og standi með sínu vali.“ Iðunn var opin fyrir hugmyndinni en var ekki viss um á hvaða aldri hún teldi æskilegt að börnin reyndu hefðbundna skólagöngu.

Það fer eftir því hversu gömul þau eru [...] maður þarf að vera viss um að þau viti hvað það þýðir, að þau viti bæði kosti og galla. Að þau viti að þau eru alltaf velkomin til baka og geta sagt, veistu, mér finnst reyndar ekki gaman.

Einnig sögðust foreldrar vera opnir fyrir því að blanda afskólun saman við einhver fög eða áfanga í fjarnámi, sem hluta af námi í hefðbundnum skóla, frístund, íþrótt- og tómstundastarfi, námskeiðum og fleira. Allt eftir því hvar áhugi barnsins liggur.

Að læra af lífinu

Þegar foreldrar voru beðnir um að útskýra fyrir rannsakanda hvað fælist í afskólun og hvernig afskólun færi fram töluðu margir um það „að læra af lífinu“. Sif lýsti því svo: „[Afskólun] snýst mikið um að læra og lifa, og hvernig er að vera í kringum aðra.“ Foreldrar töluðu um að afskólun biði börnum upp á að læra af raunverulegum aðstæðum og reynslunni. Orð Freys voru nokkuð lýsandi yfir heildina en hann talaði um að mikilvægt væri að „hafa barnið með í daglegum atburðum, vinkla það svolítið inn í lífið.“ Óðinn talaði um að

unschooling er einhvern veginn, að það sé ekki þessi innræting af þekkingu sem þú þarft að öðlast til þess að mega kallast menntaður. Þú getur verið menntaður með því að bara til dæmis geta farið út í fjöru með pabba þínum eða vini þínum.

Loki tók sér einnig tíma til þess að lýsa því hvernig börn lærðu af því að vera virkir þátttakendur í hversdagslegum verkum með fjölskyldunni. Hann lýsti því að í sameiningu myndu þau

sjá um garðinn, leika okkur með einhver dýr, plöntur, elda, læra, bera virðingu fyrir hvernig alvöru lífið er. Hvernig tekur[ð]u bensín á bílinn þinn? Út á hvað leggja peningar? Og allt þetta. Bara leyfa þeim að vera með manni í staðinn fyrir að halda barninu frá því hvað sé raunverulega að gerast á meðan þau eru í skólanum.

Stór hluti af þessu væri einnig að börn fengju tækifæri til að vera í kringum aðra í mismunandi aldurshópum í staðinn fyrir að vera nær eingöngu með jafnöldrum sínum í skólanum. Í viðtölum voru foreldrar meðal annars spurðir hvernig þeir sæju fyrir sér að börn lærðu hinar óskrifuðu reglur samfélagsins án þess að ganga í skóla. Foreldrar sögðu börnin læra það í gegnum lífið sjálft og töluðu um að þegar börn eru virkir þátttakendur í samfélaginu lærðu þau allt sem læra þyrfti. Bára talaði meðal annars um að börn læra óskrifuðu reglur samfélagsins með samræðum og bætti við:

Hún lærir rosalega mikið af því að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hún er það þótt hún sé ekki í skóla. Við erum alveg jafn virkir samfélagsþegnar og aðrir. Við erum ekki búin að útskúfa okkur frá samfélaginu þótt við förum þessa leið. Og þetta er svo mikilvægt að muna, að þetta á að vera val.

Óðinn lýsti hugmyndum sínum varðandi þetta á svipaðan hátt:

Ég held að svo mikið af þessum óskrifuðu reglum lærum við bara með því að taka þátt í samfélaginu. Og ég er að taka þátt í samfélaginu og barnið er alltaf með mér, fara út í búð, fara til læknis, gera þetta allt saman. Þá lærir það bara *by doing, by interaction*.

4.2 Hlutverk foreldra

Í umræðum bar hlutverk foreldra oft á tíðum á góma og hér að framan hefur verið greint frá ýmsum vangaveltum þeirra varðandi afskólun og hvernig sjálfræði, áhugahvöt og reynsla kemur þar inn. Þegar litið var á heildarumræðu foreldranna mátti draga þá ályktun að foreldrar teldu að hlutverk þeirra í afskólun væri að vera til staðar og styðja við barnið þegar það þyrfti á því að

halda. Hlutverk foreldra er þar með ekki að stýra eða meta nám barnanna heldur að aðstoða þau við það. Orð Freyju lýstu skilningi á þeim viðhorfum en hún taldi að hennar hlutverk væri að „skapa réttar aðstæður, réttu ramma og rétta umhverfið. Réttu hvatninguna og vera fyrirmynd. Í rauninni bara svona, opna hurðir og vera“. Bára ræddi um að það væri mikilvægt að hún leiddi barnið áfram en tæki samt sem áður ekki yfirhöndina. Hún nefndi að hennar hlutverk væri að

leiða barnið og leiðbeina henni út frá því hvernig hún er stödd hverju sinni. Ekki að yfirfæra mínar skoðanir á hana heldur leyfa henni [að] leiða samtal og leiða hvað hún vill kynna sér hverju sinni. Ég leiðbeini henni, auðvelda henni aðgengi eins og að bókum, sjónvarpsefni, fönðurefni, líti og svo framvegis. Hún til dæmis elskar að leira og þá er það mitt hlutverk að kaupa leir eða búa til.

Íðunn benti á að það væri mikilvægt að hafa ýmis verkfæri í augnsýn barnsins en það myndi auka líkur á því að það tæki sér eitthvað nýtt og framandi fyrir hendur

[...] það er jú ólíklegt að börn spili á hljóðfæri ef það eru engin hljóðfæri á heimilinu. Þannig að ef það er gítar [til staðar], þá geta þau tekið hann upp þegar þau hafa áhuga á að byrja. Svona er þetta líka með allskonar hluti eins og stærðfræði. Við þurfum jú að hafa bók sem er við höndina ef maður byrjar að sýna [stærðfræði] áhuga.

Óðinn nefndi að stundum gæti reynst erfitt að ætla ekki að stýra eða stjórna námi barnsins of mikið og sagði að hann væri einhvers staðar á milli þess að

vera ekki of nálægt og ekki of langt til baka. Það er svo þunn lína að ætla, eða vilja ekki stýra of miklu og vera einhvern veginn til baka og á hinn bóginn. Mitt hlutverk er að reyna að *pick-a* upp á áhuga á einhverju svona *talents* og vilja og reyna [...] að búa til grundvöll til þess að ýta undir það án þess að það sé of áberandi, án þess að það komi frá mér. Og bara, þú veist, einhvern veginn styðja við barnið í óskum sínum. Okay, já þig langar að gera svona tilraun, við finnum út úr því. Og einhvern veginn á sama tíma vera ekki að stýra of mikið.

Samhljómur var hjá þátttakendum um að hlutverk foreldra væri ekki endilega að kenna börnunum eitthvað ákveðið efni heldur að kynna fyrir þeim þann fjölbreytileika sem lífið hefur upp á að bjóða. Loki sagði:

Hlutverk mitt og hlutverk okkar allra sem manneskjur. Allar manneskjur sem ég hittí, manneskjur sem eru ekki með bogann spenntan og á

leiðinni á ákveðinn stað, ekki búin að finna sinn farveg. Þá er mitt hlutverk að sá fræjum, sjá hvar sá aðili er öflugur. Hvetja áfram og hrósa. Hey, þú ert rosalega góður í þessu, þetta er frábært, og svoleiðis. Mitt hlutverk sem foreldri er að passa upp á það að barnið mitt sé meðvitað um tilfinningar sínar, fjölbreytileika lífsins, [að það] skilji hvað er á bak við heiminn, fái upplýsingar um hvernig fólk lifir í mismunandi menningarheimum, skilji að það eru ekki allir eins. Manneskja sem hefur áhuga á lífinu og fær nóg af kærleika og ást og stuðning í því sem hana langar til að gera.

Viðmælendur nefndu einnig að mikilvægt væri að foreldrar gerðu sér grein fyrir að afskólun krefst þess að foreldrar séu stöðugt að leita sér nýrrar þekkingar líkt og börnin. „*If you teach you learn*. Það er ekki bara hann sem er að læra eitthvað nýtt, heldur ég líka,“ sagði Þór. Bára lýsti þessum samskiptum við dóttur sína:

Það vakna rosalega margar spurningar hjá henni og ég hlusta á þær og reyni eftir bestu getu að svara þeim spurningum. [...] Ef ég get ekki svarað því þá get ég bent henni á, við getum spurt þabba þinn hann er rosalega fróður um þetta. Eða þabbi þinn á bók um þetta og við getum flett því upp. [...] En það er mikilvægt að viðurkenna að ég veit ekki allt en ég get sýnt henni skrefin. Ég kannski læri eitthvað og við getum uppgötvað eitthvað nýtt. Við finnum út úr hlutunum saman.

Hlutverk foreldra er einnig að vera góð fyrirmynd og sýna í verki að það er gaman að læra eitthvað nýtt. Sif lýsti þessu sem svo: „Við erum öll að læra og uppgötva eitthvað. Ekki vera einhver sem segir ég veit allt, ég hef rétt fyrir mér og þú hefur rangt fyrir þér.“ Á þann hátt er mikilvægt að foreldrar leggi áherslu á að aðgengi barna að upplýsingum og að börnin viti hvernig þau eiga að lesa í þær upplýsingar. „Það mikilvæga er að vita hvernig maður finnur svörin. Þá hvernig [börnin] finna svar við einhverju sem þau vilja vita“ eins og Sif orðaði það.

4.3 Menntun og skólakerfið

Viðhorf foreldra til menntunar og skólakerfisins

Foreldrar voru spurðir hvaða formlegu menntun þeir sjálfir væru með. Af tíu þátttakendum voru fimm með meistaraþátt, tveir með bachelorgráðu, einn með stúdentspróf og í bachelornámi og tveir með grunnskólapróf. Foreldrar

voru beðnir um að skilgreina hugtakið *menntun* og útskýra hvað teldist til menntunar að þeirra mati. Þessari spurningu þótti foreldrum í fyrstu oft erfitt að svara og sögðu að skilgreining skóla á menntun væri ekki endilega sambærileg þeim skilningi sem foreldrar leggja í hugtakið. Í skólum er oft talað um að þar eigi sér stað formleg menntun en margir foreldrar bentu á að menntun þurfi ekki endilega að eiga sér stað innan stofnana heldur getur menntun farið fram hvar og hvenær sem er. Óðinn lýsti menntun á þennan veg:

Menntun er að mannast. Að læra [...] að vera hluti af samfélaginu. Og læra það að samband þitt við samfélagið sé byggt á þínum eigin hæfileikum. Og þetta menntunarferli er í raun og veru ferli þar sem að þú lærir á lífið. Þú lærir á samskipti við annað fólk og lærir á stofnanir, lærir á þessi siðferðishugtök. Já, ég myndi fullkomlega segja að menntun sé eitthvað innra og ytra ferli sem er, þarf alls ekki að vera háð einhverju formlegu skólakerfi. Og vissulega getur menntun átt sér stað innan skólans en að það sé eina stofnunin og eina batterið í samfélaginu og í þínu lífi sem hefur þann rétt að gefa þér titilinn að nú sért þú menntaður. Ég er ekki sammála því.

Út frá þessum hugmyndum spruttu oft upp umræður í viðtölunum um viðhorf foreldra til skóla. Að sögn foreldra virðist hlutverk skóla vera að mata nemendur á upplýsingum sem er talið nauðsynlegt að þeir kunnir. Óðinn lýsir sínum viðhorfum á þennan hátt:

Mér líður þannig, að þetta sé uppsett þannig að þú ert alltaf að svara spurningum sem þú spurðir ekki að, í skólakerfinu. Er það menntun þegar hundurinn lærir að setjast? Af því að kennarinn kom svo oft með skilyrðingu að hann eigi að setjast þegar honum er sagt að setjast. Alveg eins og, þótt maður sé ekki að bera hunda endilega saman við börn, en alveg eins þegar barn er að þylja upp eitthvað ártal eða eitthvað sem einhver las í einhverri bók í sögu, en það hafði ekki endilega áhuga á því, en man það og kann að svara því. Og veit að það á að svara yfirvaldinu. Er það menntun? Já og nei einhvern veginn. Mér finnst það meira vera bara stofnanabundin kennsla.

Hann bætti við að ef skólinn vekur áhuga hjá nemendum og gefur þeim tækifæri til að sækja aukna þekkingu í gegnum kerfið þá telst það menntun þar sem menntunin er þá að uppfylla eitthvað sem áhugahvöt barnsins er að kalla eftir.

Freyr talar um menntun frá sjónarhorni afskólunar og segir að hún snúist um að

kynna það sem er til. Hvað er hægt og hvernig það nýtist. En ekki endilega að kenna. Af því að maður veit að ef eitthvað er til þá getur maður sótt í það þegar maður lendir í vandamálum sem tengjast því. Þú þarft ekki að læra utanbókar. Maður þarf bara að upplifa það eða hafa séð það“.

Freyja bætir við svar Freys og segir að:

menntun er náttúrulega bara ákveðin víðsýni og að vera lesin um eitthvað ákveðið efni. Þetta er ekki bara það sem er í skólanum. Þú þarft ekki alltaf að vera með einhverja prófgráðu upp á að vera með einhverja menntun. Þú getur alveg verið með reynslu og upplifanir.

Foreldrar bentu einnig á að skólakerfið stuðli ekki að gagnrýninni hugsun og kæmi í veg fyrir að börn tækju þátt í lýðræðislegum samræðum. Óðinn lýsir þessu á eftirfarandi hátt:

Afskólun er lýðræði *in action*. Eins og í skólanámskrá eru þessir grunnþættir menntunar eins og lýðræði og sjálfbærni. Hvernig getur skóli reynt að kenna sig við lýðræði þegar þetta er ekkert annað en stigveldi valds? Þetta er bara, þegar þú ert sex ára þá ertu valdaminnstur og síðan bekk eftir bekk, svo eru kennarnir, og þú ert alltaf tíu þrepum fyrir neðan eitthvað annað vald. Og þú hefur í raun ekkert um málið að segja.

Hugmyndir Loka voru svipaðar en hann sagði:

Það er eins og við séum sofandi, að fara í gegnum færiband sem er vinnan eða skólinn. Svo bara deyjum við. Við þurfum að hugsa aðeins um og skoða hvert við erum að fara. Mér finnst skólakerfið ekki vera að efla gagnrýna hugsun, þú ert meira bara. Það er einhvern veginn bara ákveðið rétt og rangt og það er ekkert *creativity*. Það er ekki mikið frelsi.

Þrátt fyrir samhljóma skoðanir foreldra á skólakerfinu var nokkuð um að þeir tækju fram að þrátt fyrir gagnrýni þeirra þá væru þeir samt sem áður ekki endilega á móti skólakerfinu. Eins og Bragi orðaði það: „*Unschooling* er ekki *anti-schooling* þótt gagnrýni á skóla eigi sér stað. Réttu hugtakið fyrir *unschooling* ætti í raun að vera *superschooling*.“

Reynsla foreldra af skólakerfinu

Foreldrar lýstu vantrausti sínu gagnvart skólum og gagnrýndu tilgang skóla. Umhverfi skóla er að mörgu leyti á skjön við þeirra eigin hugmyndir og gildi

um hvernig ætti að ala upp börn. Mismunandi var eftir foreldrum hvort þeir teldu að þeirra eigin reynsla af skólakerfinu hafi haft áhrif á áhuga þeirra til að afskóla. Ef ekki sögðust margir foreldrar hafa orðið vitni að því að sjá önnur börn lenda illa í skólakerfinu.

Flestir sögðust hafa þrífist vel í skóla en fannst námið ekki hafa verið nógu krefjandi og að þeim hefði einfaldlega leiðst í skólanum. Bragi sagði að skólaganga hans í grunnskóla hafi einkennst af „algjörrri ánauð og leiðindum“ þar sem ekkert af námsefninu vakti áhuga hjá honum. Samt sem áður sagðist hann hafa flokkast sem góður námsmaður. Fleiri foreldrar lýstu reynslu sinni á svipaðan hátt þar sem kerfislega voru þeir góðir nemendur sem hlýddu og gekk vel í námi. Sif nefndi að í sumum fögum hafi hún verið komin langt fram úr öðrum nemendum og í öðrum fögum sem hún hafði brennandi áhuga á var hún neydd til þess að halda aftur af sér. Óðinn nefnir að fyrir honum hafi skólinn miklu meira snúist um félagsleg tengsl heldur en bóklegt nám. Hann nefnir að hann var „bara svona til friðs“ og bætti við:

Ég er alveg viss um að ég væri ekkert betri maður í dag þó að ég hefði setið alla tíma og fengið tíu í sögu, eða þú veist hvað ég meina. Af því að svo man maður ekki rassgat. Það gleymist bara, maður spyr sig frekar um hvað á að þetta snúast? Þetta á að snúast um þessi félagslegu tengsl. Og þetta á að snúast, fyrst og fremst um það að þér líði vel og að þú sért að gera eitthvað og fáir tækifæri til þess að læra eitthvað sem þér þykir skemmtilegt.

Loki var á því máli að hans eigin reynsla af skólakerfinu hafi haft mikil áhrif á það hvernig hann liti á uppeldis- og menntunarhlutverk sitt sem foreldri. Hann sagði:

Mér finnst ég bara ekki hafa lært neitt á þessu. Af hverju kann ég ekki þessa *basic* hluti? Til dæmis gera við bílinn, leggja rafmagn, pípulagnir, smiðinn, kenna mér skyndihjálp. Kenna mér svona hluti sem eru praktískir? Í staðinn fyrir að læra dönsku í átta ár, vera alltaf hæstur í öllu, flytja svo til Danmerkur og skilja ekki neitt.

Iðunn er líka ein af þeim sem gekk mjög vel í skóla en segir að með stöðugum samanburði í skólanum hafi hún nú tilhneigingu til þess að finnast hún „æðri öðrum vegna þess að þannig var það alltaf í skólanum“ og nefnir að hún vilji reyna sitt besta til að börnin hennar upplifi ekki sömu aðstæður og hún.

Eins og nefnt var hér að ofan lýstu foreldrar því einnig hvernig þeir höfðu heyrt um eða séð með eigin augum aðra nemendur eiga erfitt í skólanum.

„Við höfum heyrt svo margar sögur af því að skólakerfið, bókstaflega, þaggar niður í börnum. Brjóta þau niður“, segir Sif. Bára lýsti sömu áhyggjum og sagði: „Ég er hrædd um það [...] að skólakerfið bregðist barninu mínu. Það eru bara svo mörg dæmi um það að skólakerfið bregðist börnum.“ Sif sagðist sjálf hafa verið lögð í einelti í skóla og fundið fyrir miklum hópþrýstingi frá samnemendum sínum.

Vandamálið í skólum er að þú hefur ekki frelsið til þess að hætta. Þú getur ekki hætt og þú ert neyddur til þess að fara þangað sama hvað, þrátt fyrir að þér líður illa eða ef [skólinn] er að eyðileggja þig. Ef einhver er að leggja þig í einelti. Þótt að það sé einelti til staðar, þá neyða þau samt krakkann í skólann. Þeir segjast ætla að reyna að láta eineltið minnka. Afskólun er frelsið til þess að segja nei. Mér líður ekki vel og vil fara aðra leið. [...] Þetta er svo slæmt fyrir þroska barna, skólakerfið getur á margan hátt, í alvöru, verið borið saman við fangelsisakerfið.

Líkt og Sif, nefndi Loki að það er ekki einungis skólakerfið sem getur haft slæm áhrif á líf barna. Nemendur geta komið mjög illa fram við hvern annan og það getur haft í för með sér slæmar afleiðingar.

Krakkar geta líka verið svo ótrúlega harðir og *mean*. Og það er alveg jafn slæmt að lenda í því að einhver sé vondur við þig og að gera eitthvað slæmt við einhvern annan. Þetta er flókin tilfinning að lifa með og vinna úr. [...] Mér finnst einhvern veginn skólinn ekki vera staður þar sem maður á að eyða of mikið tíma sem barn.

Bára var ein af þeim sem sagði að hún myndi reyna að komast hjá því að barnið hennar fengi sömu reynslu af skólakerfinu og hún sjálf. Hennar reynsla af skólakerfinu var að kennsluáferðir séu úreltar, kennarar misgóðir og í skólanum er ekki tekið nóg tillit til einstaklingsins. Hún nefnir að hún hafi ekki fengið nógu góðan stuðning í skólanum og lýsir reynslu sinni á þennan hátt:

Við fengum ekki þau tæki og tól í skóla til þess að fá að blómstra og í raun komum úr skólanum vitandi ekki neitt hvert við vildum stefna eða hvað við vildum gera því að hæfileikum okkar hefur ef til vill verið sólundað í eitthvað annað.

Reynsla Freyju var frábrugðin reynslu annarra foreldra þar sem hún segist hafa komið úr litlu sveitarfélagi þar sem var lítill skóli og fáir nemendur. Á margan hátt var skólinn miðpunktur samfélagsins og nemendur fengu að miklu leyti að taka ábyrgð á námi sínu sjálfir.

Nám nemenda á að vera einstaklingsmiðað

Foreldrum bar saman um að þeir teldu að skólinn gæfi ekki kost á því að nemendur fái að stunda einstaklingsmiðað nám. Iðunn talar um að þótt markmið skóla sé að veita nemendum einstaklingsmiðað nám þá virðist raunveruleikinn mjög frábrugðinn því. Í skólum þurfa allir nemendur að falla inn í ákveðinn ramma, þar sem þarf að haka „við í alla reiti. Stöðugur samanburður á nemendum á sér stað þar sem verið er að mæla, vega og meta nemendur og horft á einkunnir. Ég trúi bara alls ekki að þetta sé eitthvað sem býr til góða manneskju“, talaði Iðunn um. Loki lýsti þessu á eftirfarandi hátt:

Það sem gerist í skóla, þú ert látinn inn í kassa og það er verið að stjórna þér. Þú verður að vakna, vera mættur þarna eða þetta gerist eins og það er hringt í foreldra þína, þú verður að læra þetta annars færðu falleinkunn. Þetta er svo mikill ótti, og það er alltaf einhver staðfesting sem þú átt að vera að leitast eftir. Sumir sækjast eftir vinsældum á meðan aðrir fara að leitast í bækurnar, sumir fá hvorugt og verða fyrir einelti.

Í viðtölum virtist vera samhljóma skoðun foreldra að kennarar væru allir af vilja gerðir en skólakerfið hamlaði kennurum og nemendum á margan hátt. Í skólum eru of mörg börn og of lítill tími. Þór sagði að skólinn væri eins og „að nota steinaldaraðferðir í kennslu, í staðinn fyrir að nota þá vitneskju sem við höfum. Ég er ekki að segja að kennarar séu að sinna starfi sínu illa, þetta snýst kannski meira um hömlur kennara í skólakerfinu.“ Hugmyndir Iðunnar taka undir þetta þegar hún lýsti skólastarfi:

Þetta er svo kerfislegt, núna lesum við þennan texta og þetta hér þurfum við að læra. Og svo ef það allt í einu koma upp umræður í aðra átt þá neyðist kennarinn til að segja, nei hættið þessu, þetta er það sem þurfum að læra. Þetta er svo hamlandi fyrir sköpun og það að vera í einhverju flæði. Og þetta getur slökkt á ljósum barnanna. Þau verða bara einhverjar litlar maskínur sem eiga að sitja og vera inn í sér. Því ef þau reyna að segja eitthvað, þá verður þetta bara, nei nei, í þessa átt.

Loki undirstrikaði mikilvægi þess að hver einstaklingur fái leyfi til þess að vera hann sjálfur og líkti manneskjunni við mangótré:

Þetta eru börnin sem breyta heiminum, sem eru með svona foreldra [sem afskóla]. Hvert mismunandi mangótré þarf mismunandi umhugsun og ef þú hugsar vel og rétt um það og gefur því þá næringu sem það þarf og hjálpar því þá mun það gefa af sér fallega og góða ávexti. En ef mangótré

er á sama stað og rósarunni þá koma engir ávextir og mögulega deyr það.

4.4 Afskólun í nútímasamfélagi og áskoranir

Frelsi og flæði

Frelsi og flæði voru orð sem komu oft á tíðum fram í viðtölunum. Þátttakendur töluðu um frelsið til þess að taka meðvitað val. Þar virtust foreldrar eiga við að þeir ættu að hafa rétt á því að taka meðvitaða ákvörðun um hvernig ætti að haga uppeldi og menntun barna þeirra.

Foreldrar voru samhljóma um að samfélagið einkenndist af hraða og mikilli pressu og þau sögðu að það væri líka mikilvægt að þurfa ekki að gera neitt og fá tækifæri til þess að vera í núinu. Iðunn lýsti þessu svo:

Maður er alltaf á leiðinni eitthvað, komast fram fyrir næsta horn. Og svo ferðu í næsta bekk og þar átt þú læra hitt og þetta. Nú lesum við þessa bók. Svo ferðu í framhaldskóla og svo háskóla, og svo ferðu á vinnumarkaðinn og þénar peningar fyrir velferðarríkið, sem hvort sem er er ekki að fúnkera.

Foreldrar sögðu að afskólun gæfi kost á meira frelsi og flæði í hversdagslífinu þar sem fjölskyldan gæti ráðið sjálf hvernig deginum verði varið.

Þetta frelsi, til að geta stýrt, lesið í daginn, lesið í barnið. Í staðinn fyrir að rífa það á fætur og koma því í skólann klukkan átta á morgnana. Og í staðinn geta verið í einhverju flæði með þeim og litið á alla daga og alla sólahringa sem tækifæri til að læra en ekki skila þeim af sér í einhverja sex klukkutíma þar sem þau eiga að læra. Svo tekur maður við þeim og maður veit ekki alveg hvað þau hafa verið að læra.

Iðunn lýsti þessu flæði á eftirfarandi hátt:

Börnin okkar kannski vakna á morgnana og vilja bara læra þýsku í fjórtán daga, þá getum við gert það. Það þarf ekki að vera þýska og svo ring ring ring, svo stærðfræði, ring ring ring eða eitthvað svoleiðis. Heldur getur maður bara fylgt ákveðnu flæði. Kannski eru bara 14 dagar þar sem maður bara horfir á sjónvarpið eða hoppar á trampólíni.

Frelsið gerir foreldrum kleift að vera ekki fastir í ákveðnum skorðum eða ákveðnum stað. „Eitt sem heillar mig líka [er] frelsi[ð] í því að við getum tekið

Það með okkur hvert sem er í heiminum. [...] fara kannski í langa reisu sem við förum öll saman sem fjölskylda, getum lært í gegnum heiminn“, sagði Baldur.

Fjölskyldunánd og tengsl

Nokkrir foreldrar nefndu að raunverulegt hlutverk skóla virðist vera að passa börnin. „Skólinn er voða þægilegur, maður getur svolítið svona, sett ábyrgðina á einhverja aðra“ eins og Baldur orðaði það. Loki tók undir þetta:

Skólinn er bara eins og ákveðin barnapössun, svo að foreldrarnir geta verið að vinna. En það er kannski meira að opnast hópur núna sem vill vera heima og vill leyfa börnunum að vera frekar innan um fjölskylduna. Sjá hið raunverulega líf en ekki bara rótast í frímínútum og svo bara sitja í kennslustofunni og hafa þögn, og gera það sem þau eiga að gera.

Allir foreldrar sögðust vilja leggja áherslu á fjölskyldutengsl og nefndu að afskólun væri liður í því. Foreldrar lýstu því hvernig þeir vildu vera stærri hluti af lífi barnanna og ákvörðun þeirra væri upplýst val. Freyja lýsti þessu svo:

Þetta snýst um að maður taki meiri ábyrgð á þeirra menntun. Þú veist, að maður láti ekki aðra um það. [...] manni langar að vera með börnunum sínum og langar að þekkja þau vel og upplifa hvernig það er að læra þessa hluti. Eins og að vera með þeim þegar þau læra að labba. Þetta er liður í tengslamyndun sem heldur bara áfram. Halda í þessi tengsl við þau.

Foreldrar töluðu um að mikilvægt sé að fjölskyldutengsl öðlist meira vægi í samfélaginu.

Viðurkenna fjölskylduna sem stoð í samfélaginu en ekki að það mæti afgangi frá stofnunum og fyrirtækjum. Af því að það er ekkert það langt síðan þú lærðir allt sem þú kunnir af fjölskyldunni. Ef pabbi þinn var bóndi og þú bjóst á bóndabýli þá lærðirðu að gera það. Lærðir á traktor, að mjólka og allt þetta dæmi skilurðu. Og bara í gegnum mannkynssöguna, þú hefur alltaf lært af þeim eldri en núna ertu settur inn, frá fjölskyldunni, ekki bara snemma á daginn heldur snemma á lífsskeiðinu. Og mér finnst svo mikið rof í þessu, að ef fjölskyldan fengi meira vægi og væri bara sjálfkrafa með kennararéttindi yfir eigin barni.

Bragi nefnir að „vandamálið er að foreldrar á Íslandi eru ekki að taka ábyrgð á menntun barnanna sinna“. Iðunn sagði: „Þessi fjölskylduþáttur og tími fyrir fjölskylduna skiptir mig miklu máli. Við erum mikið saman. Við höfum tekið

það val að eignast börn og við viljum vera saman með þeim.“ Þú nefnir einnig að lykkillinn að afskólun hafi verið í gegnum tengslauppeldi og virðingarfyllt uppeldi þar sem þau bera virðingu fyrir börnunum sínum og reyna að koma fram við þau eins og jafningja. Hún áréttar að afskólun er ekki bara menntunarhugtak heldur ákveðin lífssýn. Þú orðaði þetta á eftirfarandi hátt:

Þetta snýst um að börn séu í kringum sína aðal umönnunaraðila. Og þetta með að við getum á náttúrulegan hátt, að börnin sjálf geta farið út í heiminn þegar þau eru tilbúin. Við þurfum ekki að ýta á þau. Þetta snýst um treysta sjálfum sér. Að hafa svona *secure attachment* við sinn aðal umönnunaraðila. Þannig að þér finnst þú vera öruggur og þú getu farið út í heiminn. Og bara verið þú sjálf og bara verið opinn.

Bára talaði einnig um mikilvægi tengslamyndunar og þá sérstaklega snemma á lífsleið barna.

Það er talað um að á fyrstu æviárum barns að þá er mikilvægast fyrir þau að þróa tengsl við fullorðna fólkið í fjölskyldunni því þau læra svo mikið af fullorðnum og meira heldur en af jafnöldrum. Þau eru að hlusta á okkur tala, málþroskinn, þetta kemur frá fullorðnum.

Bára vann á tímabili í leikskóla ásamt því að vera með dóttur sína á sinni deild en valdi að segja upp starfinu og taka dóttur sína úr leikskólanum vegna þess að henni fannst starfið á margan hátt fara gegn hennar eigin gildum. Hún talaði um að í skólum og leikskólum væri aðeins grunnþörfum barna sinnt. „Allt þetta extra sem gefur lífinu svo mikið gildi og gefur einstaklingnum svo mikinn þroska það er ekki til staðar. Og þá tel ég að ég geti jafnvel veitt barninu mínu það með því að vera með það heima.“ Freyja talaði einnig um mikilvægi tengslamyndunar og sagði að það væri enginn „sem sér þau jafn vel og við myndum sjá þau“ og bætti við að henni finnst mikilvægt að börnin séu með fólki sem þykir vænt um þau. Hún taldi sig ef til vill vera að hlífa börnunum „við að fara inn í aðstæður þar sem það er enginn sem er með þeirra betra hag fyrir brjósti.“

Að synda á móti straumnum

Allir foreldrar nefndu í viðtölum sínum að afskólun hefði í för með sér þá áskorun að foreldrar þyrftu að synda á móti straumnum. Þessi nálgun á uppeldi,

menntun og fjölskylduaðstæðum er á margan hátt andstæða við það sem gengur og gerist í samfélaginu. Bára talar um að hún sé að

endurforrita sjálfan sig og að skilgreina menntun á nýjan hátt. [...] Ég þarf ekki að fylgja hjörðinni og má fara mína eigin leið. Auðvitað mætir maður ótal spurningum og dómhörku og ótta sem fólk reynir að yfirfæra á mann af því að það hefur ekki trú á því sem maður er að gera. Þá er mikilvægt að ég sem foreldri hafi trú á mér og trú á því sem ég er að gera.

Freyja og Freyr lýsa hvernig gagnrýnin hugsun byrjaði að láta þau efast um margt sem þau töldu áður vera satt:

Freyja: Já, þetta byrjaði raunar á því að við eignuðumst barn og fórum að pæla.

Freyr: [...] við byrjuðum að vera gagnrýnin á rosalega margt svona í tengslum við uppeldi.

Freyja: Við vorum það kannski fyrir en vorum ekki búin að setja orð á það.

Freyr: Já, vorum kannski ekki að tala um það okkar á milli og vorum bara að gera eins og aðrir. Svo var þetta svona, hey, bíddu, það er ekkert verið að gera allt rétt.

Freyja: [...] Já maður er alinn upp í skólakerfi og með einhverja svona heimsmynd. Og maður þarf sjálfur að spóla til baka og aflæra það sem maður hefur lært. Maður þarf að læra að það er hægt að læra hlutina á allskonar hátt.

Freyr: [...] Já allt sem maður taldi að væri heilagur sannleikur er svo ekki að meika alveg sens.

Freyja: Maður er að hugsa upp á nýtt og hugsar að þetta sé kannski ekki alveg *the one and only way*.

Freyr: Já, algjörlega. Þetta er eins og svona hugljómun. Það er ekkert sem manni er kennt sem er heilagur sannleikur og það liggur við að það sé hægt að snúa öllu við á hvolf.

Freyja: Það er einhvern veginn verið að hrista upp í öllu og það er svoleiðis í samfélaginu. Það er verið að snúa við hverjum steini og bara hey, við þurfum að breyta svolítið miklu, uppeldi, umhverfismál, tilfinningar, tengsl og endalaust.

Baldur og Iðunn töluðu einnig um mikilvægi þess að aflæra ýmis gildi og viðmið sem þau töldu áður vera sönn. Baldur komst svo að orði: „Við komum úr þessu kerfi þannig að fyrir okkur er erfitt að hugsa út fyrir þá ramma. Stærsta verkefnið í þessu er að *unschool-a* okkur áður en við getum *unschool-að* börnin okkar.“ Iðunn bætti við: „Ef við náum að *deschool-a* okkur sjálf, þá kemur þetta sjálfkrafa.“

Sif sagði að sjálf þyrfti hún einnig að aflæra ýmis gildi og viðmið í tengslum við hvernig börn læra. Það er ekki hennar hlutverk sem foreldri að þrýsta á börnin að læra. Hún talar um að það sé inngróið í samfélagið að börn geti ekki lært nema í hefðbundnum skóla og að börn hafi einfaldlega ekki áhuga á að læra. „Kannski er það ein stærsta áskorun fyrir foreldrana. Að aflæra,“ sagði Sif og bætti við að í staðinn þurfi foreldrar einfaldlega að treysta börnunum.

Foreldrar lýstu því að afskólun fylgdi oft á tíðum einmanaleiki þar sem erfitt væri að finna aðra í sömu hugleiðingum. Freyr og Freyja sögðu að þeim fundist erfitt að eiga opnar gagnrýnar samræður um skólakerfið við aðra þar sem fólk ætti til að taka hugmyndum þeirra sem gagnrýni á þeirra eigin val að senda börnin sín í skóla. Freyja og Freyr töluðu um að kannski væri það vegna þess að afskólarar væru ef til vill á undan sinni samtíð. „Já við tölum oft um það að það væri kannski bara betra að spila sama leik og allir aðrir,“ sagði Freyr og bætti við: „Okkur líður smá eins og við séum að byrja að flokka plast 1980. Það er ekkert að fara að gerast neitt [fyrir en] eftir 20-30 ár.“ Baldur talar einnig um upplýst og meðvitað val foreldra á því hvað sé barninu fyrir bestu.

Maður þarf alltaf einhvern veginn að færa rök fyrir því af hverju maður tekur þetta val. [...] Maður er ekki að taka meðvitaða ákvörðun um að senda barnið sitt í skóla. Maður gerir það bara af því að allir gera það. En taka ekki upplýsta eða meðvitaða ákvörðun endilega. [...] Við erum eiginlega búin að láta spurningarmerki við allt í lífi okkar.

Baldur bætir við að ákvörðun þeirra að afskóla sé upplýst ákvörðun sem þau hafa velt lengi fyrir sér.

Ákveðin óvissa getur fylgt því að synda á móti straumnum. Óvissa um að vera að gera það rétta. Sif talar um að það sé viss áskorun í því að þurfa að sæta gagnrýni frá utanaðkomandi aðilum, bæði fjölskyldu, vinum og ókunnugum. Hún nefnir að foreldrar hennar væru mjög á móti afskólun og að hún og Bragi hafi engan stuðning. Baldur og Iðunn nefndu einnig að afskólun

fylgdi einmanaleiki þar sem erfitt væri að finna aðrar fjölskyldur en Iðunn talar um að þau séu samt með fullt af góðu fólki í kringum sig:

Þótt að maður sé umkringdur fólki. Þó að við séum saman með fjölskyldu og gömlu vinunum okkar sem maður sér nánast ekki lengur, af því bara. Mér finnst eins og við tölum ekki almennilega saman, ég get setið í kringum fólk í heilt kvöld og samt er ég einmana. Bara af því að við erum ekki á sama báti.

Líkt og Freyja og Freyr nefndu Iðunn og Baldur að þeim þætti erfitt að tala um afskólun við aðra foreldra sem eiga börn. Baldur lýsti þessu svo:

Já þetta er svo viðkvæmt viðfangsefni líka, að þú vilt ekkert endilega opna fyrir þetta. Líka af því að fólk tekur þetta inn á sig. [...] Það er erfitt að tala við fólk um þetta sem er líka með börn, skilurðu. Það fer í vörn og tekur því sem árás. Eða er í árás á okkur skilurðu.

Svör annarra foreldra voru samhljóma þessu og lýsir Bára sinni reynslu:

Ég er að gera eitthvað allt öðruvísi en foreldrar mínir voru að gera. Það er rosalega krefjandi og stundum væri bara auðveldara að fara í sama gamla farið og feta einhverja leið sem allir aðrir hafa verið að feta. Það væri bara einfaldara en það samt virkar ekki þannig. Þetta skiptir mig svo miklu máli að ég er ekki tilbúin að fara gegn mínum gildum til þess að falla í kramið eða gera það sem er normið.

Þór nefnir einnig:

Það sem við erum að gera í heiminum núna er frábrugðið því hvernig það var gert áður fyrr. Það *meikar ekki sens* að halda áfram að gera nákvæmlega sama hlutinn bara af því að það hefur verið gert í svona mörg ár. Það á stöðug þróun að eiga sér stað.

Loki hafði einnig svipaða skoðun:

Við eigum að geta talað um hvað sem er og það er ekki tabú. Við eigum að geta haft samræður um það sem má ekki segja. Það er það sama sem er að gerast í skólanum, þig langar til þess að vera að syngja og dansa en þú átt að vera hérna og sitja á hlusta á þennan kennara sem er ógeðslega leiðinlegur. [...] Sannleikurinn inniheldur alltaf þrjú skref. Fyrst er hann kynntur svo er hann *violently opposed* og svo er hann viðurkenndur fyrir að vera sannur. Og það er erfitt að vera í miðjustiginu einhvern veginn. Að fá svona mikinn mótstraum og geta ekki verið hundrað prósent þú sjálfur.

Baldur talaði um að þetta ferli sem þeir foreldrnir hafi verið að rótast í, þar sem þeir notast við gagnrýna hugsun og eru að aflæra það sem talið var rétt og rangt. „Og [það] kemur aldrei til með að hætta. Ég sé ekki fram á að það muni ljúka. Þetta er svo djúpt inn í okkur, það er búið að sýkja okur svo mikið að þetta næst aldrei alveg út.“

Þegar foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu afskólun mögulega á Íslandi komu ýmis svör. Eitt af þeim var að afskólun ætti tæknilega séð að vera möguleg þar sem aðgengi að upplýsingum er það gott nú að námsefnið sjálft ætti ekki að vera vandamálið. Bára sagði:

Í dag eru upplýsingar svo beint fyrir framan nefið á okkur. Þetta er svo aðgengilegt. Við getum sótt okkur allskonar fróðleik á netinu. Getum sett okkur auðveldlega í samband við fólk sem kannski veit meira um efni sem vekur áhuga okkar. Af því að við lifum í svona tækniheimi á tækniöld þá tel ég [afskólun] vera mjög raunhæft og auðvelt.

Foreldrar nefndu að kerfislega væri afskólun ekki möguleg þar sem foreldrar þurfa að hafa kennararéttindi til þess að hafa börnin sín í heimakennslu. Sif og Bragi sögðust hafa verið í sambandi við menntamálaráðuneytið og þar hefðu þau komist að því að markmiðið er að taka þau ákvæði úr lögum. Þar með þurfa foreldrar ekki að hafa kennararéttindi til þess að vera með börnin sín heimakennslu. „Þau eru einfaldlega að gefa foreldrum kost á sömu undanþágu eins og margir skólar eru að veita [...] af því að það er svo mikið vesen að finna kennara með kennsluréttindi,“ eins og Sif orðaði það.

Einnig nefndu foreldrar að til þess að afskólun væri möguleg þá þyrftu að vera fleiri í sömu hugleiðingum. Eins og er væri enginn stuðningur og ekkert samfélag sem gerði það að verkum að foreldrar neyðast til þess að senda börn sín í skóla til þess að þau fái félagsskap. Mismunandi var eftir fjölskyldum hvort börnin væru á leikskóla eða ekki. Þeir foreldrar sem voru með börn á leikskóla sögðu að ástæður fyrir því væru aðallega þær að börnin fengju félagsskap.

Tvær fjölskyldur búa erlendis og segjast ekki geta búið á Íslandi vegna þess að það kæmi í veg fyrir að þau gætu afskólað börnin sín. Nokkrir foreldrar sem búa á Íslandi sögðust íhuga að flytja af landi brott vegna lagalegra hamla. Bára sagði: „Við höfum hugsað okkur að mögulega setjast að í öðru landi ef þess þarf. Búa í landi þar sem reglugerðir leyfa það að börn séu *unschooluð* eða fái að læra heima hjá sér.“

5. Umræða

Í þessum kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar teknar saman og þær túlkaðar með rannsóknarspurningarnar þrjár í huga.

Rannsóknarspurningarnar voru:

- Hver eru viðhorf afskólara til menntunar?
- Er samband á milli viðhorfa þeirra til menntunar, þeirra eigin reynslu af skólakerfinu og að vilja afskóla börn sín?
- Er afskólun raunhæf nálgun á námi í nútímasamfélagi?

Í fyrsta kaflanum er dregin upp mynd af því hvað afskólun er. Þar er fléttað saman skilgreiningu foreldra á hugtakinu við þá skilgreiningu sem hefur verið sett fram í öðrum rannsóknum og greinum. Ásamt því er viðhorf afskólara til menntunar skoðað. Í öðrum kafla eru ástæður foreldra skoðaðar. Í þriðja kaflanum er því velt fyrir sér hvort afskólun sé raunhæf nálgun á nám í nútímasamfélagi. Þar er afskólun skoðuð út frá lögum og reglugerðum á Íslandi, Aðalnámskrá grunnskóla og þeim félagslegu áskorunum sem fylgja afskólun.

5.1 Afskólun og menntun

Þær skilgreiningar sem foreldrar höfðu á afskólun í þessari rannsókn voru samsinna hugmyndum Romero (2018, bls. 56–58) og Sherman (2017, bls. 77) um að afskólun er sjálfsstýrt nám sem er byggt á trausti og virðingu. Það þýðir að með afskólun fá börn frelsi til þess að ákveða hvað og hvenær þau vilja læra. Foreldrar voru allir sammála um að menntun eigi að byggja á innri áhugahvöt nemenda og að nemendur eiga að fá svigrúm til þess að nota sjálfstæð vinnubrögð og finna fyrir ábyrgð gagnvart námi sínu. Lýsing foreldra á afskólun rímar sterklega við sjálfsákvörðunarkenningu Ryan og Deci um að áhugahvöt skipar veigamikinn sess í lífi fólks og stuðlar að alhliða þroska barna (Ryan og Deci, 2000, bls. 68–69). Þar með er vel hægt að segja að foreldrar taki undir hugmyndir Gina Riley (2018, bls. 54) um að afskólun sé í raun bein beiting á sjálfsákvörðunarkenningu Ryan og Deci og að nám sem byggir á innri áhugahvöt er eins nálægt og hægt er að komast að því læra á

náttúrulegan og eðlislægan hátt. Svo virðist sem afskólun sé dæmi um heimspeki sem boðar afturhvarf til náttúrunnar sem svar við menningardýrkun sem hefur verið allsráðandi í ákveðinn tíma (Myhre, 2001, bls. 16).

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að með afskólun er litið svo á að nám takmarkast ekki við skóla eða stofnanir heldur er lífið sjálft nám og skipar lífsreynslan þar veigamikinn sess í mannlegum þroska. Þetta rímar við hugmyndir Dewey um að læra í verki en hann telur að mikilvægt sé að nám örvum nemendur og hristi upp í huga þeirra (Dewey, 2000a, bls. 309–310). Aðalatriðið er ekki að börn geti þulið upp ákveðna vitneskju í ákveðnum greinum. Í raun er mergur málsins sá að börn þurfa fyrst og fremst að læra að hafa gaman af því að læra. Ef sá grundvöllur er ekki til staðar reynist erfitt að byggja ofan á það. Hluti af því er ábyrgðin sem er látin hvíla á nemendum sjálfum því án ábyrgðar er ekkert í húfi fyrir þau en í staðinn læra þau vegna þess að þau eiga að hlýða eða fylgja ákveðnum reglum en ekki vegna þess að þau læra fyrir sig sjálf. Á þennan hátt virðist afskólun fyrst og fremst einblína á að reyna að mynda heilstætt barn sem hefur trú á sjálfu sér og fái frelsi til þess að vaxa og dafna. Ef börn fá tækifæri til þess að læra að læra á náttúrulegan hátt og að læra að elska þá verður ekkert í vegi fyrir því að þau munu elska að læra.

Á þennan hátt bíður nám, sem byggt er á áhugahvöt barnsins, upp á margvíslega samþættingu námsgreina. Þar að auki snýst hæfni ekki einungis um að öðlast ákveðna þekkingu heldur er mikilvægt að geta beitt þekkingunni við ólíkar aðstæður. Þar virðist upplýsingalæsi gegna veigamiklu hlutverki og einnig aðgengi að upplýsingum og er það í hlut foreldra að sjá til þess að börnum áskotnist hvort tveggja.

Stór hluti þátttakenda var með háskólagráðu eða í háskólanámi og því hægt að sjá að margir þeirra höfðu reynslu af mismunandi stigum menntakerfisins. Í flestum fjölskyldum var eitt foreldri útvinandi á meðan hitt sá um börnin eða þá að báðir foreldrar voru í hlutavinnu og hjálpuðust að við að sjá um börnin til skiptis. Þátttakendur voru á aldrinum 26-33 ára en sá aldurshópur er ekki stór og því hefði verið hentugra ef þátttakendur hefðu verið á breiðara aldursbili. Í þessu samhengi er einnig vert að fram komi að enginn af þessum foreldrum hafði reynslu af því að eiga barn á skólaaldri. Börn þátttakenda voru á aldrinum eins til fimm ára og tvö þeirra eiga að hefja skólagöngu á árinu sem rannsóknin fór fram. Þetta kemur ef til vill ekki að sök þar sem hugmyndir afskólunar eru ekki hugsaðar sem kennsluaðferð heldur í

mörgum tilvikum sem lífssýn (Gray og Riley, 2015a, bls. 10; Grunzke, 2010, bls. 12, 47). Þar með skiptir aldur barnanna ef til vill ekki eins miklu máli þar sem afskólun getur hafist strax við fæðingu og varið til síðasta dags.

5.2 Ástæður foreldra til að afskóla

Ádeila á skólakerfið

Í viðtölum tvinnuðust saman umræður um eigin reynslu foreldra af skólakerfinu og viðhorfi þeirra gagnvart skólum. Skoðanir foreldra endurspegluðu að miklu leyti niðurstöðu rannsóknar Gray og Riley (2013, bls. 9–10) þar sem foreldrar töldu skólakerfið of stíft og töldu einnig að það drægi úr náttúrulegum vilja barnanna til þess að læra að eigin frumkvæði og út frá innri áhugahvöt.

Áhugavert var að sumum þátttakendum fannst þeir þurfa að taka það fram að þeir væru samt sem áður ekki á móti skólum þrátt fyrir að skoðanir þeirra virtust vera bein gagnrýni og ádeila á skólakerfið. Er það af því að þeir vilja ekki virðast gagnrýna of mikið til þess að hlífa sjálfum sér frá gagnrýni? Eða er það í alvörinni þeirra skoðun? Ekki er hægt að vita svarið við þessu en rannsakanda fannst þetta að vissu leyti vera áhugaverð þversögn að einhverju leyti.

Svo virðist sem hugmyndir foreldranna í þessari rannsókn, um hver beri ábyrgð á menntun barna, séu frábrugðnar þeim hugmyndum sem Kunzman og Gaither (2013, bls. 9–10) lýsa. Kunzman og Gaither segja að foreldrar sem stunda heimakennslu líti oft á menntun sem hluta af foreldrahlutverkinu. Að vissu leyti eru afskólarar samþykkir þessu en þar að auki litu foreldrarnir í þessari rannsókn svo á að börnin ættu að fá að axla þá ábyrgð sjálf en hlutverk foreldra væri að vera til staðar og aðstoða þegar á þarf að halda. Líkt og Knowles, Muchmore og Spaulding (1994, bls. 238–239) var samhljóma skoðun foreldra í rannsókninni að kennsluaðferðum í skólum sé ábótavant og að ekki sé nógu mikil áhersla lögð á að nemendur fái að læra það sem þeir hafa áhuga á. Niðurstöður rannsóknar Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Evu Harðardóttur (2012, bls. 16) renna stoðum undir þessar áhyggjur foreldra þar

sem fyrirlestrar, þjálfunaræfingar og endursagnir virðast enn algengasta kennsluformið í skólum og lítið um opnar og uppbyggjandi umræður.

Afskólun virðist vera eins og einstaklingsmiðað nám á að vera í augum foreldra þar sem það er ekki einhver ein ákveðin leið til þess að læra heldur fær hvert og eitt barn að læra á sínum hraða og á því stigi sem hentar því.

Fjölskyldunánd

Líkt og í rannsókn Gray og Riley (2013, bls. 12) töluðu foreldrar í rannsókninni um mikilvægi fjölskyldutengsla og hvernig afskólun gæti styrkt þau tengsl. Einnig töluðu foreldrar um hvernig afskólun getur gefið kost á auknum stöðugleika og meira frelsi. Í sumum viðtölum mátti heyra beina tengingu við tengslauppeldi sem fjallar um mikilvægi tengsla barna við umönnunaraðila og þá hugmynd að barnið eigi sjálft að ákveða hvenær það vill kanna og skoða heiminn í kringum sig í staðinn fyrir að foreldrarnir ýti á það (Riley, 2018, bls. 58).

Síðustu ár hefur uppeldishlutverk flust að mörgu leyti frá foreldrum og yfir á skóla. Afskólun virðist ef til vill vera leið foreldra til þess að endurheimta þau völd til baka til fjölskyldunnar.

5.3 Afskólun í nútímasamfélagi

Lög og reglugerðir og Aðalnámskrá grunnskóla

Lög og reglugerðir hamla afskólun að því leyti að einungis foreldrar með kennsluréttindi hafa leyfi til þess að hafa börn sín í heimakennslu (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Á vissan hátt er hægt að líta svo á að þessi lög séu í bága við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þar sem stendur að „foreldrar skulu öðrum fremur ráða hvernig menntun barn þeirra skuli njóta“ (Utanríkisráðuneytið, 2008, bls. 14). Einnig stendur í íslenskum lögum að hið opinbera skuli virða rétt foreldra og að menntun og fræðsla barna sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir foreldra þeirra (lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994). Erfitt getur reynst að meta hvar mörkin liggja þar sem uppeldis- og menntunarhlutverk barna, samkvæmt lögum og Aðalnámskrá, liggur bæði hjá foreldrum og skólum.

Erfitt myndi reynast að nota afskólun í heimakennslu þar sem Aðalnámskrá grunnskóla gefur ef til vill ekki kost á þeim sveigjanleika sem aðferðin leggur áherslu á. Samkvæmt afskólun er hefðbundið námsmat trúflandi afl en nauðsynlegt samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.

Því miður er ekki hægt að gera ráð fyrir því að allir komi fram við börn sín á virðingarfullan og jákvæðan hátt. Hættur afskólunar eru að mestu leyti þeir foreldrar sem myndu misnota aðstöðu sína og brjóta á börnum sínum á einn eða annan hátt. Erfiðara væri að koma upp um þessar aðstæður án eftirlits. Engu að síður er ekki rétt að það eigi að bitna á þeim sem eru að gera vel. Út frá þessu má telja að nauðsynlegt er að eitthvert eftirlit þarf að fara fram en hversu mikið og á hvaða hátt er erfitt að segja til um. Þetta eftirlit er í höndum skóla og þess sveitarfélags sem barnið hefur lögheimili í (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 72–73).

Foreldrar töluðu endurtekið um mikilvægi þess að börn fái að ráða sér sjálf og treysta eigin innsæi. Cleary og Zimmerman (2004, bls. 537–538) tala um að til þess að nemendum finnist þeir geta tekist á við meira sjálfstæði og sjálfsstjórn þurfi þeir fyrst að finna að þeir ráði yfir sjálfum sér. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 37) á menntun að undirbúa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Með afskólun er litið svo á að í staðinn fyrir að undirbúa nemendur fyrir þátttöku eru þeir nú þegar orðnir þátttakendur. Börn læra það sem fyrir þeim er haft. Ef skólinn á að vera undirbúningur fyrir lífið og nemendur fá ekki leyfi til stýra námi sínu sjálfir þá er þversögn í því að þeir hafi tök á að stýra lífi sínu sjálfir að skóla loknum.

Palli einn í heiminum

Ef því er velt fyrir sér út frá skoðunum og hugmyndum foreldra, hvort afskólun sé æskileg í nútímasamfélag er mikilvægt að skoða það svar út frá áhugahvötinni. Samkvæmt sjálfsákvörðunarkenningu Ryan og Deci (2000, bls. 68–69) þarf einstaklingur á þremur mikilvægum sálfræðilegum þáttum að halda til þess að stuðla að áhugahvöt og þátttöku einstaklinga í námi og heilbrigðum sálfræðilegum þroska. Þeir þættir eru:

- Einstaklingar þurfa að finna fyrir hæfni í félagslegum aðstæðum og samskiptum við aðra.

- Einstaklingar þurfa að upplifa sjálfræði.
- Einstaklingar þurfa að mynda félagatengsl, þ.e. finnast þeir tilheyra samfélagi og finna fyrir gagnkvæmri umhyggju.

Ef félagslegt umhverfi barna hindrar eða kemur í veg fyrir þessa þætti getur það haft skaðleg áhrif á þroska þeirra. Ef þessir þættir eru skoðaðir út frá svörum foreldra í rannsókninni má sjá að samkvæmt foreldrum uppfyllir afskólun skilyrði að minnsta kosti tveggja þátta.

Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar hingað til benda til að nemendur í heimakennslu standi á engan hátt hallari fæti en nemendur í hefðbundnum skólum þegar kemur að félagsfærni. Sú óraunhæfa sýn virðist byggð á óraunhæfum staðalímyndum (Houseman, 2011, bls. 13–14; Medlin, 2013, bls. 284–285; Morton, 2012, bls. 45–46). Samkvæmt foreldrum í þessari rannsókn finna afskóluð börn fyrir hæfni í félagslegum aðstæðum og samskiptum við aðra þar sem þau fá tækifæri til þess að umgangast aðra á ýmsum aldri. Gray og Riley eru þessu samsinna en þau segja að afskóluð börn fái ekki einungis tækifæri til að eiga samskipti við fólk á mismunandi aldri heldur einnig með mismunandi bakgrunn, svo lengi sem foreldrar reyna að koma því í kring (Gray og Riley, 2015a, bls. 20).

Eins og rakið var hér að ofan bendir margt til þess að afskóluð börn fái frelsi til þess að upplifa sjálfræði og taka ábyrgð á eigin lífi. Ýmsar leiðir eru foreldrum opnar til þess að styðja við sjálfræði barnanna og geta þar með fóstorað innri áhugahvöt þeirra, ekki aðeins með andlegum stuðningi og fjölskyldutengslum heldur einnig með aðgengi að upplýsingum, aðstoð og vilja til þess að uppgötva nýja hluti saman.

Líkt og í rannsókn Gray og Riley (2013, bls. 14–15) töluðu foreldrar um að þeim þætti erfitt að takast á við þá gagnrýni sem fylgdi þessum lífsstíl. Ein af áskorunum afskólara er að sætta sig við þá félagslegu einangrun sem afskólun getur haft í för með sér vegna þess að svo fá börn eru í heimakennslu á Íslandi. Þetta getur haft þau áhrif að börn sem eru afskóluð eiga erfitt með að mynda félagatengsl og þar með uppfylla ekki alla þætti innan sjálfsákvörðunarkenningar Ryan og Deci. Samkvæmt Sherman á stór hluti afskólara í erfiðleikum með að finna aðrar fjölskyldur í sömu hugleiðingum (2017, bls. 85–86). Foreldrar í þessari rannsókn áttu í sömu vandræðum og nefndu sumir að það gæti orðið til þess að þau gæfust upp og neyddust ef til vill til þess að fara hefðbundnari leiðir.

6. Samantekt og lokaorð

Meginniðurstaða þessarar rannsóknar er að fjölmargar ástæður eru fyrir ákvörðun foreldra um að afskóla börnin sín. Afskólarar skilgreina afskólun sem sjálfsmiðað nám sem byggir á innri áhugahvöt barnsins. Foreldrarnir í þessari rannsókn voru meðvitaðir um að þeirra eigin skilgreining á menntun var ef til vill frábrugðin skilgreiningu menntakerfisins og hefðbundinna skóla. Þátttakendur höfðu neikvætt viðhorf til skóla. Þegar foreldrar voru spurðir út í hvort reynsla þeirra af skólakerfinu hefði áhrif á áhuga þeirra á að afskóla komu mismunandi svör en greinilegt að neikvæð sýn þeirra á skólakerfið hefði þar áhrif, hvort sem það var vegna þeirra eigin reynslu eða annarra. Þrjú meginatriði komu þar fram; foreldrar töldu skólann ekki geta veitt nemendum einstaklingsmiðað nám, þeir töldu kennsluaðferðir skólanna vera óviðunandi og á skjön við hugmyndir afskólunar og að skólinn gæfi nemendum ekki færi á að taka ábyrgð á eigin námi.

Frelsi, tengsl og ábyrgð voru orð sem foreldrar notuðu ítrekað í viðtölum. Aukin skólaskylda síðustu áratugi hefur haft í för með sér að uppeldi barna hefur að vissu leyti flust frá foreldrum og yfir á skólakerfið. Þetta hefur í för með sér að foreldrar hafa minni getu til þess að stjórna uppeldi og menntun barna sinna. Út frá því er hægt að velta því fyrir sér hvort skólar hafi of mikið vald? Eða hafa foreldrar of mikið vald varðandi menntun barna sinna? Ekki er hægt að svara þessum spurningum hér, en mikilvægt er að hafa þessi atriði í huga. Það er ekki hægt að neyða þekkingu ofan í fólk, ekki frekar en hægt er að veita blindum manni sjón og samkvæmt afskólun eru það börnin sjálf sem eiga að axla þá ábyrgð.

Þrátt fyrir að afskólarar virðist tilbúnir að feta ótroðnar slóðir þá eru ýmsar hindranir í vegi þeirra. Lög og reglugerðir gera heimakennslu að sérkjörum kennarastéttarinnar þar sem reglugerðin gefur einungis kennurum færi á þeim forréttindum að kenna heima þrátt fyrir að starfandi séu réttindalausir kennarar í mörgum skólum. Einnig virðist Aðalnámskrá grunnskóla hamla afskólun á vissan hátt þar sem menntun barna á að fylgja ákveðnu formi, t.d. hvað börn eiga að læra og ákveðnar matsaðferðir til að meta það. Auk þess finnst afskólurum erfitt að takast á við þá gagnrýni sem fylgir því að fara gegn því sem telst *normið* í samfélaginu. Ein aðaláskorun foreldra er sá einmanaleiki sem fylgir því að nær engin börn eru í heimakennslu á Íslandi. Lífið og nám á sér ekki stað í tómarúmi, heldur fer það fram í gegnum

menningu og umhverfi og því mikilvægt að allir, ungir sem aldnir, finni fyrir sjálfræði, stuðningi og finni að þeir eru hluti af samfélaginu. Aðalnámsskrá grunnskóla leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám og að skólastarf eigi að fara fram eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og því mikilvægt að aðgreina ekki möguleikann á heimakennslu og afskólun. Markmiðið verður að vera að búa til umburðarlynt kerfi þar sem er pláss fyrir alla, annars er hugmyndin um skóla án aðgreiningar ómöguleg.

Þessi rannsókn á við sama vandamál að stríða og þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á afskólun hingað til. Rannsóknin er eigindleg og þar sem enginn víðtækur gagnagrunnur er til um fjölskyldur sem kenna heima er ekki hægt að velja úrtak af handahófi. Þar með eru þátttakendur sjálfvaldir og hætta á að einhliða sýn komi fram í niðurstöðum. Engu að síður eru niðurstöður þessarar rannsóknar mikilvægar þar sem áhugavert er að fá að skyggjast inn í hugarheim foreldra sem vilja tileinka sér þessa leið á námi.

Nauðsynlegt er að skoða afskólun nánar og greinilegt að þörf er á fleiri marktækum rannsóknnum á þessu sviði. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar gefa í skyn að fræðilegur áhugi á afskólun er að færast í aukana. Gott væri að gera sambærilega rannsókn en bæta við sjónarhorni barna sem eru eða hafa verið afskóluð. Einnig væri áhugavert að ræða við sömu viðmælendur eftir nokkur ár þegar börn þeirra eru komin á skólaaldur og athuga hvort þau séu enn afskóluð og kanna hvernig gengur. Þá væri áhugavert að athuga hvernig myndi takast til ef afskólun væri fléttað inn í hefðbundið skólastarf. Nemendur fengju að skipuleggja eigið nám út frá áhugamálum og tækju lýðræðislegar ákvarðanir í samvinnu við starfsmenn skólans.

Það er ýmislegt sem litið er á sem hinn heilaga sannleik og oft er sá sannleikur studdur með því að segja *þetta hefur alltaf verið gert svona*. Hefðin er ekki endilega sannreynd og mikilvægt er að vera gagnrýnn og spyrjandi og koma þar með í veg fyrir stöðnuð viðhorf því hefðin getur einnig reynst vera dragbítur á framfarir. Vonin er að þessi rannsókn auki almennan skilning á efninu og muni leiða til umræðna um hugsanlegan valkost foreldra til þess að taka ábyrgð á menntun barna sinna, ásamt börnunum sjálfum, með fjölbreyttum leiðum og með árangur og vellíðan barna að leiðarljósi. Að kenna börnum sjálfræði, ábyrgð og virðingu í verki er mikilvægt veganesti fyrir þau út í lífið. Börnin eru framtíðin og von okkar um að heimurinn verði betri. Vægi þess að vera gagnrýnn og á sama tíma opinn fyrir nýjum hugmyndum er mikið í lýðræðislegu samfélagi. Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar er

afskólun mögulega ný nálgun á námi sem vert er að skoða nánar. Ef markmiðið er að leita leiða sem gætu skilað sér í aukinni hæfni framtíðarþegna landsins til að takast á við þá ábyrgð sem þarf til að lifa heilbrigðu og gefandi lífi þá er vert að skoða hvort afskólun sé liður í því. Vonandi hefur þessi rannsókn verið hagnýtt innlegg í skólamálaumræður samtímans.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.
- Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi nr. 10/1979.
- Aurini, J. og Davies, S. (2005). Choice without markets: Homeschooling in the context of private education. *British Journal of Sociology of Education*, 26(4), 461–474. Sótt af <https://www.jstor.org/stable/30036084?seq=1>
- Ballantine, J. H. og Space, J. Z. (2015). *Schools and society: A sociological approach to education* (5. útgáfa). California: Sage Publications.
- Belfield, C. (2005). How well do they perform on the SAT for college admissions? Í B. S. Cooper (ritstjóri), *Home schooling in full view: A reader* (bls. 167–177). Charlotte, NC: Information Age Publishing.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. doi: 10.1191/1478088706qp063oa
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/7cab/4ebf59aececf4dee7fee89e743eff9d4c3f.pdf>
- Cleary, T. J. og Zimmerman, B. J. (2004). Self-regulation empowerment program: A school-based program to enhance self-regulation and self-motivated cycles of student learning. *Psychology in the Schools*, 41(5), 537–550. doi:10.1002/pits.10177
- Cogan, B. S. og Sureau, J. (2007). The politics of homeschooling: New developments, new challenges. *Educational Policy*, 21(1), 110–131. doi:10.1177/0895904806296856

- Creswell, J. W. (2012). *Educational research: Planning, conducting and evaluating quantitative and qualitative research* (4. útgáfa). Boston: Pearson.
- Deci, E. L. og Ryan, R. M. (2008). Facilitating optimal motivation and psychological well being across life's domains. *Canadian Psychology*, 49(1), 14–23. doi:10.1037/0708-5591.49.1.14
- Dewey, J. (2000a). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dewey, J. (2000b). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Eiríksína K. Ásgrímsdóttir. (2006). *Úttekt á heimakennslu í Ölfusi*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/heimakennsla_olfus.pdf
- English, R. (2015). Use your freedom of choice: Reasons for choosing homeschool in Australia. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 9(17), 1–18. Sótt af <https://jual.nipissingu.ca/wp-content/uploads/sites/25/2014/06/v91171.pdf>
- Eurydice. (2018). *Home education policies in Europe: Primary and lower secondary education* [skýrsla]. doi:10.2797/04352
- Félagsmálaráðuneytið. (2019, 12. mars). Þörf á opinberum viðmiðum um skólasókn. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2019/03/12/Thorf-a-opinberum-vidmidum-um-skolasokn/>
- Francis, B. og Mills, M. (2012). Schools as damaging organisations: Instigating a dialogue concerning alternative models of schooling. *Pedagogy, Culture and Society*, 20(2), 251–271. doi:10.1080/14681366.2012.688765

- Galloway, R. A. S. (1995). *Home schooled adults: Are they ready for college?* [skýrsla]. Sótt af <https://eric.ed.gov/?id=ED384297>
- Gray, P. (2009). Play as the foundation for hunter-gatherer social existence. *American Journal of Play*, 1(4), 476–522. Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1069037.pdf>
- Gray, P. (2013). *Free to learn: Why unleashing the instinct to play will make our children happier, more self-reliant, and better students for life*. New York: Basic Books.
- Gray, P. og Chanoff, D. (1986). Democratic schooling: What happens to young people who have charge of their own education? *American Journal of Education*, 94(2), 182–213. doi:10.1086/443842
- Gray, P. og Riley, G. (2013). The challenge and benefits of unschooling, according to 232 families who have chosen that route. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 7(14), 1–27. Sótt af <https://jua.nipissingu.ca/wp-content/uploads/sites/25/2014/06/v72141.pdf>
- Gray, P. og Riley, G. (2015a). Grown unschoolers' evaluation of their unschooling experiences: Report I on a survey of 75 unschooled adults. *Other Education: The Journal of Educational Alternatives*, 4(2), 8–32. Sótt af <https://www.psychologytoday.com/sites/default/files/Published%20Grown%20Unschoolers%20I.pdf>
- Gray P. og Riley, G. (2015b). Grown unschoolers' experiences with higher education and employment: Report II on a survey of 75 unschooled adults: *Other Education: The Journal of Educational Alternatives*, 4(2), 33–53. Sótt af <https://www.psychologytoday.com/sites/default/files/Published%20Grown%20Unschoolers%20II.pdf>
- Grunzke, R. Z. (2010). *Pedagogues for a new age: Childrearing practices of unschooling parents* (doktorsritgerð, University of Florida). Sótt af www.ufdc.ufl.edu/UFE0041535/00001

- Guterman, O. og Neuman, A. (2018). Personality, socio-economic status and education: Factors that contribute to the degree of structure in homeschooling. *Social Psychology of Education*, 21(1), 75–90. doi:10.1007/s11218-017-9406-x
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Houseman, D. C. (2011). Nerdy-know-it-alls and paranoid parents: Images of alternative learning in films and television programs. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 5(9), 1–17. Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/0ecf/59e15f423f2f5c957c46af1b17264a3ec68e.pdf>
- Illich, I. (1970). *Deschooling society*. Sótt af <https://archive.org/details/DeschoolingSociety/page/n3/mode/2up>
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129–136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Knowles, J. G., Muchmore, J. A. og Spaulding, H. W. (1994). Home education as an alternative to institutionalized education. *The Educational Forum*, 58(3), 238–243. doi:10.1080/00131729409335339
- Kunzman, R. (2009). Understanding homeschooling: A better approach to regulation. *Theory and Research in Education*, 7(3), 311–330. doi:10.1177/1477878509343740
- Kunzman, R. og Gaither, M. (2013). Homeschooling: A comprehensive survey of the research. *Other Education: The Journal of Educational Alternatives*, 2(1), 4–59. Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/5c75/d3574e529521b7cff309af64c4ae56ad039.pdf>

- Levin-Gutierrez, M. (2015). Motivation: Kept alive through unschooling. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 9(17), 31–41. Sótt af <https://jua1.nipissingu.ca/wp-content/uploads/sites/25/2014/06/v911173.pdf>
- Loftur Guttormsson. (1992). Farskólahald í sextíu ár (1890-1950): Nokkrir megindrættir. *Uppeldi og menntun*, 1(1), 207–222. Sótt af <https://timarit.is/page/4844888#page/n208/mode/2up>
- Loftur Guttormsson. (2008). Þjóðfélagsbreytingar og menntamál. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 38–53). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
- Martin-Chang, S. L., Gould, O. N. og Meuse, R. E. (2011). The impact of schooling on academic achievement: Evidence from homeschooled and traditionally schooled students. *Canadian Journal of Behavioural Science*, 43(3), 195–202. doi:10.1037/a0022697
- Medlin, R. G. (2013). Homeschooling and the question of socialization revisited. *Peabody Journal of Education*, 88(3), 284–297. doi: 10.1080/0161956X.2013.796825
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum skólaárin 2007-2008, 2008-2009 og 2009-2010*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/skyrsla-um-framkvaemd-skolastarfs-i-grunnskolum.pdf>

- Merry, M. S. og Karsten, S. (2010). Restricted liberty, parental choice and homeschooling. *Journal of Philosophy of Education*, 44(4), 497–514. doi:10.1111/j.1467-9752.2010.00770.x
- Morton, R. (2012). Home education: Constructions of choice. *International Electronic Journal of Elementary Education*, 3(1), 45–56. Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1052483.pdf>
- Myhre, R. (2001). *Straumar og stefnur í uppeldissögu* (Bjarni Bjarnason þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Planty, M., Hussar, W., Snyder, T., Kena, G., KewalRamani, A., Kemp, J., Bianco, K. og Dinkes, R. (2009). *The Condition of Education 2009* [skýrsla]. Sótt af <https://nces.ed.gov/pubs2009/2009081.pdf>
- Qaqish, B. (2007). An analysis of homeschooled and non-homeschooled students' performance on an ACT mathematics achievement test. *Home School Researcher*, 17(2), 1–12. Sótt af <https://www.nheri.org/wp-content/uploads/2007/03/HSR172Qaqish.pdf>
- Ray, B. D. (2010). Academic achievement and demographic traits of homeschool students: A nationwide study. *Academic Leadership: The Online Journal*, 8(1), 1–32. Sótt af <https://www.nheri.org/wp-content/uploads/2018/03/Ray-2010-Academic-Achievement-and-Demographic-Traits-of-Homeschool-Students.pdf>
- Ray, B. D. (2013). Homeschooling associated with beneficial learner and societal outcomes but educators do not promote it. *Peabody Journal of Education*, 88(3), 324–341. doi:10.1080/0161956X.2013.798508
- Redford, J., Battle, D. og Bielick, S. (2016). *Homeschooling in the United States: 2012* [skýrsla]. Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED569947.pdf>
- Reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi nr. 531/2009.
- Reich, R. (2002). The civic perils of homeschooling. *Educational Leadership*, 59(7), 56–59. Sótt af

<http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=2&sid=9c2b27658-41de-4157-bf06-fe3676afc632%40pdc-v-sessmgr02>

- Reich, R. (2008). On regulating homeschooling: A reply to Glanzer. *Educational Theory*, 58(1), 17–23. doi:10.1111/j.1741-5446.2007.00273.x
- Riley, G. (2016). Unschooling in Hong Kong: A case study. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 10(20), 1–15. Sótt af <https://jual.nipissingu.ca/wp-content/uploads/sites/25/2016/03/v10201.pdf>
- Riley, G. (2018). Unschooling: A direct educational application of Deci and Ryan's (1985) self determination theory and cognitive evaluation theory. *European Journal of Alternative Education Studies*, 3(1), 54–62. Sótt af <https://oapub.org/edu/index.php/ejae/article/view/1482>
- Romero, N. (2018). Toward a critical unschooling pedagogy. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 12(23), 56–71. Sótt af <https://jual.nipissingu.ca/wp-content/uploads/sites/25/2018/06/v12233.pdf>
- Rudner, L. M. (1999). Scholastic achievement and demographic characteristics of home school students in 1998. *Educational Policy Analysis Archives*, 7(8), 11–33. doi:10.14507/epaa.v7n8.1999
- Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2000). Self-determination theory and the facilitation of intrinsic motivation, social development and well-being. *American Psychologist*, 55(1), 68–78. doi:10.1037/0003-066X.55.1.68
- Sherman, W. (2017). Framing unschooling using theories of motivation. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 11(22), 76–99. Sótt af <https://jual.nipissingu.ca/wp-content/uploads/sites/25/2017/12/v11224.pdf>
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013a). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 281–297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Sigríður Halldórsdóttir. (2013b). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239–249). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. (2012). Lýðræðislegar bekkjarumræður og viðhorf til réttinda innflytjenda. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/013.pdf>
- Sigrún Daníelsdóttir, Védís Helga Eiríksdóttir og Salbjörg Bjarnadóttir. (2017). Geðheilbrigði ungs fólks á Íslandi fer hrakandi. *Talnabrunnur - Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar*, 11(6), 1–4. Sótt af https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32745/Talnabrunnur_Agust_2017.pdf
- Sigrún Harðardóttir. (2014). *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags* (doktorsritgerð). Sótt af <https://www.fmos.is/media/skjol/Doktorsritgerd--Sigrun-Hardardottir.pdf>
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 230–237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Twenge, J. M., Zhang, L. og Im, C. (2004). It's beyond my control: A cross-temporal meta-analysis of increasing externality in locus of control, 1960-2002. *Personality and Social Psychology Review*, 8(3), 308–319. doi:10.1207/s15327957pspr0803_5
- Sánchez Tyson, L. (2019). Trusting children: Lifelong learning and autonomy within the unschooling movement. *Journal of Unschooling and Alternative Learning*, 13(25), 23–40. Sótt af

<https://jval.nipissingu.ca/wp-content/uploads/sites/25/2019/07/v13253.pdf>

Utanríkisráðuneytið. (2008). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna* [bæklingur]. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/JafnrettiNu/Mannrettinda_ICEHR.pdf

Þórunn Björg Arnórsdóttir. (2018, 8. nóvember). Sudbury vika í Hríseyjarskóla. Sótt af <https://hriseyjarskoli.is/2018/11/08/sudburyvika-i-hriseyjarskola/>

West, R. L. (2009). The harms of homeschooling. *Philosophy and Public Policy Quarterly*, 29(3–4), 7–12. doi:10.13021/G8pppq.292009.104

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi.....	74
Fylgiskjal 2 Kynningarbréf um rannsóknina.....	76

Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi

Áður en við byrjum viðtalið við ég athuga hvort það sé allt í lagi að ég taki viðtalið upp? Ég kem með nokkrar leiðandi spurningar og ég hvet þig til að svara út frá eigin tilfinningu og reynslu.

Fyrst byrjum við á almennu nótunum.

Hvernig kynntist þú afskólun?

Hvað þýðir hugtakið *afskólun* fyrir þér?

Hvað þýðir hugtakið *menntun* fyrir þér? Hvað telst til menntunar?

Af hverju vilt þú að afskóla þitt barn/þín börn í staðin fyrir að það gangi í hefðbundinn skóla?

Telur þú að þín eigin skólaganga hafi haft áhrif á val þitt til að afskóla? Ef svo er, hvernig þá?

Hvert er hlutverk þitt sem foreldri þegar kemur að afskólun?

Hverja telur þú vera galla afskólunar?

Hverja telur þú vera kosti afskólunar?

Hvernig telur þú að börnin þín nái að þróa félagsleg tengsl við önnur börn þegar þau ganga ekki í hefðbundinn skóla?

Hvaða leiðir telur þú að afskólarar fari til þess að börn læri hinar óskrifuðu reglur samfélagsins?

Hvernig myndir þú bregðast við ef barnið þitt biður um að fara í hefðbundinn skóla?

Hvernig telur þú að afskóluð börn geti komist seinna meira inn í framhaldsskóla og/eða háskóla ef ekki er hægt að sýna fram á námsmat?

Nú fer þetta að klárast.

Finnst þér afskólun vera mögulega í því samfélagi sem við búum við á Íslandi? Hvað telur þú þurfa að gera til að það sé mögulegt?

Að lokum er ég með nokkrar spurningar sem eiga eftir að nýtast við úrvinnslu gagna.

Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?

Takk kærlega fyrir þátttökuna.

Fylgiskjal 2 Kynningarbréf um rannsóknina

Kæri þátttakandi

Undirrituð, Guðný Valborg Guðmundsdóttir, er að ljúka meistaranámi í Menntunarfræði við Háskólann á Akureyri. Leiðsagnarkennari minn er Guðmundur H. Frímansson (ghf@unak.is) prófessor við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Markmið þessarar viðtalsrannsóknar er að athuga hver viðhorf afskólara til menntunar er og af hverju foreldrar velja þessa leið þegar kemur að menntun barna sinna. Tekin verða 60-90 mínútna viðtöl við þátttakendur, annað hvort í persónu eða í gegnum fjarfundabúnað t.d. skype.

Í þessari rannsókn er afskólun (e. unschooling) skilgreint sem sjálfstýrt nám nemenda, það er þeirri trú að nemendur eigi að bera fulla ábyrgð á sínu eigin námi sjálfir.

Allar upplýsingar sem þátttakendur veita verða meðhöndlaðar samkvæmt reglum um trúnað og farið verður eftir lögum persónuverndar. Í lokin verður öllum gögnum eytt. Í kjölfarið verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar sem hluti af mastersverkefni rannsakanda. Niðurstöður rannsóknarinnar verða vonandi þeim sem starfa að málefnum barna og ungmenna mikilvægt verkfæri þegar kemur að heimakennslu á Íslandi.

Þátttakendur geta dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er.

Ég hef kynnt mér ofangreindar upplýsingar og fengið útskýringar um efni rannsóknarinnar. Ég veiti þátttöku minni hér með upplýst og óþvingað samþykki.

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda

Rannsóknin er hluti af meistaraverkefni Guðnýjar Guðmundsdóttur í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri. Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að hafa samband við Guðnýju í síma 8494635 eða í tölvupósti ha180819@unak.is.